

# **Menningarminjar í Djúpavogshreppi**

Svæðisskráning

Sædís Gunnarsdóttir



**Fornleifastofnun Íslands**

**FS239-03191**

**Reykjavík**

**2004**



© *Fornleifastofnun Íslands*  
*Bárugötu 3*  
*101 Reykjavík*

*Sími: 551 1033*  
*Fax: 551 1047*  
*Netfang: fsi@instarch.is*

## Efnisyfirlit

1.	Inngangur	5
1.1.	Um fornleifaskráningu	5
1.2	Um svæðisskráningu	7
1.3	Fornleifakönnun á svæðinu	10
2.	Yfirlit um sögu byggðar á svæðinu	12
3.	Skrá yfir fornleifar í Djúpavogshreppi	22
	SM-212 Urðarteigur	22
	SM-213 Fossárdalur	25
	SM-213b Víðines	33
	SM-214 Eiríksstaðir	35
	SM-215 Berufjörður	37
	SM-216 Berufjarðarhjáleiga	43
	SM-217 Kelduskógur	43
	SM-218 Skáli	46
	SM-219 Gautavík	49
	SM-220 Titlíngur	51
	SM-221 Berunes	52
	SM-222 Þiljuvellir	55
	SM-223 Karlstaðir	57
	SM-224 Karlstaðahjáleiga	60
	SM-225 Steinaborg	60
	SM-226 Fossgerði	61
	SM-227 Kross	63
	SM-228 Krossgerði	66
	SM-229 Krosshjáleiga	68
	SM-230 Núpur	69
	SM-231 Núpshjáleiga	71
	SM-232 Papey	72
	SM-233 Búlandsnes	79
	SM-234 Borgargarður	91
	SM-235 Bjargarrétt	92
	SM-236 Háls	92
	SM-236b Strýta	95
	SM-237 Kambshjáleiga	96
	SM-238 Stekkshjáleiga	96
	SM-239 Teigarhorn	97
	SM-240 Hamar	98
	SM-241 Hamarsel	102
	SM-242 Veturhús	103
	SM-243 Melrakkanes	104
	SM-243b Melrakkanes (Afrétt)	110
	SM-244 Bragðavellir	110
	SM-245 Geithellur	114
	SM-246 Kambsel	119
	SM-247 Múli	120
	SM-248 Hvannavellir	129
	SM-249 Hærुकollsnes	130

SM-250	Hof	132
SM-251	Rannveigarstaðir	136
SM-252	Túnguhlíð	139
SM-253	Markúsarsel	140
SM-254	Flugustaðir	141
SM-255	Starmýri	143
SM-256	Þvottá	148
SM-257	Hnaukar	153
SM-691	Fornleifar á fleiri en einni jörð	154
SM-701	Fornleifar á fleiri en einni jörð	155
SM-702	Óstaðsetjanlegar minjar í Geithellnahreppi	156
4.	Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra	157
	Bæjarhólar og bæjarstæði	159
	Útihús	160
	Tún, garðar og akrar	160
	Kvíar og stekkir	161
	Beitarhús og sel	161
	Engjar og áveitur	162
	Útgerðarminjar og veiðiminjar	163
	Minjar um samkomur og þinghald	163
	Kuml og kirkjugarðar	163
	Samgönguminjar	164
5.	Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu	164
6.	Heimildaskrá	167

# 1. Inngangur

Í janúar 2004 var hafist handa við svæðisskráningu fornleifa í Djúpavogshreppi í Suður-Múlasýslu. Farið er eftir hreppaskiptingu eins og hún var 1847 en þá skiptist svæðið í tvo hreppa, Geithellna- og Beruneshrepp sem nú hafa sameinast undir nafninu Djúpavogshreppur. Alls voru skráðar upplýsingar um 1447 fornleifar í hreppnum. Skráningin var unnin af Sædís Gunnarsdóttur fornleifafræðingi sem einnig sá um frágang og ritun skýrslunnar. Verkið var unnið fyrir sveitarfélagið af Fornleifastofnun Íslands.

## 1.1. Um fornleifaskráningu

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum og sér í lagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugunum og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathugun, en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförunum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu sem fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu; *svæðisskráning* er gerð fyrir svæðisskipulagsgerð, *aðalskráning* fyrir aðalskipulagsgerð og *deiliskráning* fyrir deiliskipulagsgerð. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar.

Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á skipulagssvæðinu, finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu, og að vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felur í sér vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulagðan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánú samstarfi við sveitarstjórnir og stofnanir þeirra, með hliðsjón af þörfum þeirra.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur að baki svæðisskráningu fornleifa. Hér er þó fyrst greint stuttlega frá þeim skilgreiningum sem lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu. Í 9. grein þjóðminjalaga er þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstaði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mórgröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar,

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands, hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar eiga að hafa búið. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eyktamörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumyndunum frekar en að sagnir séu um að tröll

hafi dagað uppi. Þar sem slíkar sagnir eru, eru þær auðvitað skráðar. Á hinn bóginn eru öll grettistök skráð og er þetta vitanlega umdeilanlegt og byggir fyrst og fremst á því að fyrirsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum. Annarskonar upplýsingar sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni eru t.d. um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða. Söfnun slíkra upplýsinga krefst hinsvegar annarskonar gagna og öðruvísi aðferðafræði en skráning eiginlegra fornleifa og er mun viðráðanlegri á stigi aðalskráningar. Þar sem til eru upplýsingar um gróðurfar og búskaparskilyrði fyrir einstakar jarðir (t.d. í sóknarlýsingum og héraðssöguritam) er slíkum upplýsingum safnað á stigi svæðisskráningar.

Samkvæmt lögunum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar sem og önnur mannvirki sem eru til vitnis um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar. Þær heimildir sem stuðst er við í svæðisskráningu geyma yfirleitt mjög lítið af upplýsingum um nútímaminjar og er því ekki að vænta heildstæðs yfirlit um þær fyrr en á stigi aðalskráningar. Helst er að upplýsingar um gamlar sundlaugar komi fram við svæðisskráningu.

## 1.2 Um svæðisskráningu

Við hefðbundna fornleifaskráningu hefur fyrst og fremst verið leitast við að finna og staðsetja einstakar rústir sem sýnilegar eru á yfirborðinu. Ekki var reynt að grennslast fyrir um hvar fornleifar gætu leynst þó þær séu ekki sýnilegar á yfirborði, en ætla má að meginþorri minja á Íslandi sé hulinn sjónum. Til að ráða bót á þessu hefur Fornleifastofnun Íslands þróað aðferðir síðustu ár til að áætla staðsetningu menningarminja en það er mikilvægt bæði frá vísindalegu sjónarmiði og nauðsynlegt ef forðast á röskun minja við framkvæmdir. Annarsvegar er um að ræða leit að vísbendingum um staðsetningu einstakra menningarminja, einkum með stuðningi gamalla túnakorta og örnefnaskráa. Hinsvegar eru óbeinar vísbendingar, svo sem örnefni, heimildir um byggð og búsetu en með því að fá yfirlit um hvar byggð hefur verið má gera sér allgóða hugmynd um umfang og eðli menningarminja sem þeirri byggð hafa fylgt jafnvel þótt þeirra sjái ekki

stað lengur. Við upphaf svæðisskráningar fornleifa er gert yfirlit um sögu byggðar, skilgreindar jarðir og takmörk þeirra og gert yfirlitskort um staði sem vitað er að búið var á. Helstu heimildir eru jarðabækur frá ýmsum tímum, sölubréf og landamerkjalyásingar. Þá er farið skipulega yfir vísbendingar um menningarminjar á hverjum stað, þ.e. túnakort og örnefnaskrár. Að því loknu er leitað í beinum heimildum um fornleifar þ.e. eiginlegum fornleifaskýrslum.

Notagildi svæðisskráningar eru ákveðin takmörk sett og hún getur aldrei komið í staðin fyrir vettvangskönnun (aðalskráningu). Í fyrsta lagi takmarkast svæðisskráning við þá flokka heimilda sem eru aðgengilegastir og gefa heildstæðasta mynd af menningarminjum á viðkomandi svæði. Er þar um að ræða jarðabækur, fornleifaskýrslur, örnefnaskrár og túnakort. Aðrar heimildir eins og t.d. ævisögur eða ferðasögur, sem oft geyma nákvæmar upplýsingar um húsaskipan og staðsetningu mannvirkja á 19. öld, eru ekki rannsakaðar skipulega á stigi svæðisskráningar þar sem nákvæmni og fjöldi slíkra upplýsinga er tilviljanakenndur og erfitt að hafa upp á þeim þegar stór svæði eru könnuð. Heimildir af þessu tagi eru hinsvegar kannaðar á stigi aðalskráningar. Í öðru lagi getur svæðisskráning ekki gefið nákvæmar upplýsingar um staðsetningu allra minjastaða og í þriðja lagi er ekki hægt að segja til um ástand eða afdrif allra minjastaða á grunni svæðisskráningar. Nákvæmra upplýsinga um þessi atriði er ekki hægt að afla nema með vettvangsathugun, en á grunni svæðisskráningar má hinsvegar gefa grófa mynd af dreifingu og ástandi fornleifa á skráningarsvæðinu.

*Jarðabækur.* Miklu munar um að jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín fyrir þetta svæði er glötuð og torveldar það mjög allan skilning á byggðapróun eftir siðaskipti. Full þörf væri á að gera nákvæmari rannsókn á sögu byggðar á svæðinu, einkum að athuga óprentuð gögn frá seinni öldum. Hér er stuðst við Jarðatal Johnsens frá 1847 og síðan III. bindi af héraðsritinu *Sveitir og jarðir í Múlaþingi* þar sem oft má finna ýtarlegar upplýsingar um búsetu á viðkomandi jörðum. Saman gefa þessi rit allgóða mynd af dreifingu byggðar á skráningarsvæðinu. Með því að bera jarðabækurnar saman við jarða- og landamerkjaskjöl fæst einnig gróf mynd af þróun byggðar, skiptingu jarða og breytingum á eignarhaldsfyrirkomulagi. Þessar heimildir geta að jafnaði ekki um einstaka minjastaði, aðra en bæjarstaði og stöku sinnum selstöður, en heildstæðar upplýsingar um dreifingu byggðar eru grundvöllur fyrir túlkun flestra annarra minja, þ.e. þeirra sem orðið hafa til í sambandi við landbúnað, en það er þorri allra fornleifa.

*Túnakort.* Um 1920 voru gerðir uppdrættir í mælikvarðanum 1:2000 af tünnum svo til allra jarða á Íslandi. Kortin eru allmisjöfn að gerð enda eftir mismunandi mælingamenn. Öll



sýna þau þó mörk túnanna og langoftast er staðsetning bæjarhúsa og útihúsa innan þeirra sýnd, en yfirleitt engin hús utan túns. Einnig er ritað á kortin hversu stór túnin voru í fermetrum og/eða dagsláttum, hversu stór hluti þeirra var þýfður þegar mælt var og hversu stórir matjurtagarðar voru. Túnakortin í Djúpavogshreppi voru gerð árið 1919. Oft er erfitt að greina á þeim mun á görðum og húsum og eru því sennilega skráð fleiri útihús en þörf var á en það verður leiðrétt við aðalskráningu.

*Örnefnaskrár.* Söfnun og skráning örnefna hófst á seinni hluta 19. aldar og þá fyrst og fremst í samhengi við skýringar fornrita. Það var hinsvegar ekki fyrr en eftir 1920 að skipuleg skráning allra örnefna á einstökum jörðum hófst að marki. Örnefnaskráning varð síðan eitt af aðalverkefnum Þjóðminjasafnsins en örnefnasafnið er nú í umsjá Örnefnastofnunar Íslands. Örnefnalýsingar á skráningarsvæðinu eru allgóðar og eru til skrár yfir allar jarðirnar og hefur mikið þarfaverk verið unnið með því að ná saman þessum fróðleik áður en þeir sem best þekktu til féllu frá. Margir höfundar hafa skráð örnefni í Djúpavogshreppi, en þeirra helsta má telja Guðmund Björnsson og Nönnu Guðmundsdóttur. Misjafnt er hversu nákvæmlega er getið um rústir í örnefnaskrár en sjaldgæft er að höfundar skrána láti alveg hjá líða að minnast á mannvirkjaleifar. Þar kemur auðvitað aðallega til að margar rústir bera nöfn og eru auk þess fastir punktar í landslaginu sem hægt er að miða við í lýsingum á landinu. Örnefnaskrár eru stærsta og heildstæðasta safn upplýsinga um fornminjar sem völ er á, en helstu gallar þeirra eru, að ekki er hægt að treysta því að fullt samræmi sé á milli skráa, þar sem þær eru samdar af ólíku fólki á ólíkum tímum og höfundar þeirra eru oft of staðkunnugir þannig að lýsingar á landslagi geta verið illskiljanlegar þeim sem ekki þekkja til. Sjaldgæft er að fornleifum sé lýst að marki í örnefnaskrár, heldur er langoftast aðeins getið um þær í framhjálaupi eða til skýringar.

*Fornleifaskýrslur.* Í lok 19. aldar var gert mikið átak á vegum Hins íslenska fornleifafélags í að kanna íslenska fornleifastaði, og voru það einkum staðir sem tengdust frásögnum fornrita sem þóttu athyglisverðir. Hér á eftir verður rakið hvaða minja á skráningarsvæðinu er getið í þeim skýrslum.

Það má því segja að jarðabækur og skyldar heimildir gefi rammann utan um skráningu menningarminja, en þorri upplýsinga um einstaka staði kemur úr örnefnaskrár og af túnakortum. Á svæðum þar sem aðalskráning (vettvangsathugun) hefur ekki farið fram eru fornleifaskýrslur aðeins til um örfáa staði, og yfirleitt um staði sem á einhvern hátt hafa þótt sérstakir. Mjög sjaldgæft er að til séu nákvæmar lýsingar á minjum um landbúnaðarstörf og daglegt líf seinni alda.

### 1.3 Fornleifakönnun á svæðinu

Ólafur Olavíus fór um Austurland á áttunda áratug 18. aldar og ritaði ferðabók um ferðir sínar. Hann heimsótti meðal annars Papey og lýsir þar ýmsu sem vakti áhuga hans. Einnig tók hann saman eyðibýlaskrá sem er mjög merkileg heimild um forna hjáleigubýggð á svæðinu.<sup>1</sup>

Mikill áhugi var á fornaldarminjum í Danmörku í upphafi 19. aldar og lét konungleg nefnd um varðveislu fornminja þá skrá merkar minjar í öllu Danaveldi. Árið 1817 voru sendir út spurningalistar til sóknarpresta á Íslandi og þeir beðnir að gera grein fyrir fornum mannvirkjum og gripum sem fundust í sóknum þeirra. Svörin sem bárust nefndinni á næstu árum eru mjög misjöfn að lengd og gæðum og frá sumum prestum komu engin svör. Sr. Guðmundur Skaftason sendi skýrslu fyrir Berufjarðarsókn en nefndi aðeins kirkjugripi sem tilheyrðu Berufjarðarkirkju.<sup>2</sup> Sr. Sveinn Pétursson sem ritaði fyrir Hofssókn nefndi þrjá meinta fornmannahauga, Úlfshaug, Eskilshaug og Hrómundarhaug og tók fram að þeir sæjust allir hver frá öðrum. Einnig taldi sr. Sveinn til fjögur Grettistök sem finna má í sókninni. Hann gat einnig um rúnastein í kirkjudyrum á Hofi og að síðustu nefndi hann Goðaborg í Hofsfjalli þar sem sagnir eru um að menn hafi gengið til blóta.<sup>3</sup>

Reyndar var það svo að haugar fornanna auk þingstaða, hofa og fornra sagna voru þær tegundir fornleifa sem mest ástæða þótti til að nefna á þessum tíma. Þessar áherslur voru að hluta til dregnar af spurningum nefndarinnar, sem greinilega hafði mestan áhuga á sýnilegum minnismerkjum um söguöldina, en reyndar lýsa þær líka almennri skoðun á fornminjum í byrjun 19. aldar. Þær áherslur áttu ekki eftir að breytast næstu áratugi en áhugi jókst hins vegar mjög á íslenskum fornleifum er leið á 19. öld.

Árið 1838 sendi Hið íslenska bókmenntafélag spurningalista til sóknarpresta á Íslandi til undirbúnings Lýsingu Íslands. Í svörunum geta flestir prestar um jarðir í sóknum sínum, eyðibýli, leiðir, bænhús og seljabúskap en segja fátt um aðrar fornleifar. Sá prestur er þá þjónaði Berufjarðar- og Berunessóknum hét Pétur Jónsson. Hann skilaði inn skýrslu til félagsins en hún er frekar rýr þegar kemur að upplýsingum um fornleifar og gat hann aðeins um tvo fjárhella í heimatúni ásamt því sem hann nefndi helstu þjóðleiðir um

<sup>1</sup> Ólafur Olavíus: *Ferðabók II*, 131-144

<sup>2</sup> *Frásögur um fornaldaleifar*, 70-71.

<sup>3</sup> *Frásögur um fornaldaleifar*, 71-73

sóknina.<sup>4</sup> Þegar spurningalistarnir bárust þjónaði sr. Jón Bergsson í Hofs- og Hálssóknum. Hann sendi inn mjög ýtarlega greinargerð um byggð í sóknunum, meðal annars skrifar hann ýtarlega lýsingu á túnstæðum allra byggðra jarða sem og lýsingu á seljabúskap þeirra og hjáleigubbyggð. Einnig greinir hann frá helstu höfnum og leiðum um sveitina. Þegar kemur að fornleifum nefnir hann Hrómundarhaug sem fyrirrennari hans sr. Sveinn Pétursson nefndi nokkrum áratugum fyrr. Hann telur einnig til hella sem nýttir eru í búskap svo sem hella á Melrakkanesi og í Selfjalli.<sup>5</sup>

Skipulegar rannsóknir á Íslendingasögnum áttu blómaskeið á seinni hluta 19. aldar, og voru þær, af hálfu Íslendinga að minnsta kosti, tengdar sjálfstæðisbaráttunni og þörf fyrir skýra mynd af eigin fortíð. Á þessum tíma gerðu menn sér grein fyrir að ein helsta leiðin til að sannreyna að hversu miklu leyti sögunar segðu frá raunverulegum atburðum, væri að athuga staða- og leiðalýsingar þeirra. Í þeim tilgangi reið danski handritafræðingurinn Kristian Kálund um landið á árunum 1872-74, með Íslendingasögnum í farteskinu og kannaði staði og leiðir sem lýst er í sögunum. Kálund nefnir verslunarstaðaminjarnar í Gautavík án þess að lýsa þeim sérstaklega. Það sem hefur vakið mestan áhuga hans á skráningarsvæðinu eru þær minjar sem tengdar eru við Þangbrand prest sem á að hafa komið hingað og kristnað ýmsa, svo sem Síðu-Hall sem bjó á Þvottá. Minjar sem kenndar eru við Þangbrand eru á nokkrum stöðum og Kálund lýsir þeim.<sup>6</sup>

Árið 1879 var Hið íslenska fornleifafélag stofnað og var markmið þess meðal annars að kanna forn mannvirki og einkum þau sem tengdust fornsögnum og samfélagi þjóðveldisaldar. Félagið gerði út leiðangra á sumrin til að kanna sögustaði og safna forngrípum og var Sigurður Vigfússon gullsmiður og fornfræðingur aðal rannsóknarmaður félagsins fyrstu tíu árin. Sigurður Vigfússon fór í leiðangur um Austfirði 1890 og ritaði um ýmsar fornleifar, svo sem fornleifar tengdar Þangbrandi í landi Þvottár, einnig Þangbrandsbryggju í landi Starmýrar og Þangbrandshróf. Hann virðist hafa fylgt í fótspor Kálunds og lagt alla áherslu á ferðir Þangbrands prests um skráningarsvæðið.<sup>7</sup>

Eftir 1890 tók Brynjúlfur Jónsson við fornleifakönnun á vegum fornleifafélagsins og ferðaðist víða um land fram til 1910. Hann virðist ekki hafa komið í Djúpavogshrepp. Daniel Bruun kom til Papeyjar árið 1901 og lýsir þar staðhátum og fornum minjum sem

<sup>4</sup> *Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar*, 503-508.

<sup>5</sup> *Múlasýslur. Sýslu og sóknarlýsingar*, 513-557

<sup>6</sup> Kálund, Kristian: *Íslenskir Sögustaðir IV*, 48-54

<sup>7</sup> Sigurður Vigfússon: "Rannsókn í Austfirðingafjórðungi 1890" *Árbók hins íslenska fornleifafélags* 1893, 30-32

vísuðu á tilvist papa, sem minjum á Írska hól, þar sem nú kallast Papatættur.<sup>8</sup> Eftir að Brynjúlfur Jónsson og Daniel Bruun hættu rannsóknarferðum sínum, lögðust könnunarferðir á vegum Fornleifafélagsins alveg niður. Á árunum kringum 1930 friðlýsti Matthías Þórðarson, þáverandi þjóðminjavörður, fjölda staða um allt land. Þeir staðir sem hann friðlýsti á skráningarsvæðinu eru Völvuleiði og Þangbrandshróf í landi Flugustaða. Einnig friðlýsti hann Papatóftir í Papey og ýmsar minjar kenndar við Þangbrand í landi Þvottár. Meint tóft uppi á Goðatindi var einnig friðlýst þó menn séu almennt sammála um að þar sé engin tóft. Kristján Eldjárn friðlýsti minjar um hinn forna verslunarstað Búðavík í landi Gautavíkur sem og Djáknadys í landi Háls. Þór Magnússon friðlýsti síðast skálatóft í landi Múla.<sup>9</sup> Matthías Þórðarson gerði rannsókn sumarið 1934 í landi Bragðavalla þar sem fundist hafa rómverskir peningar en þá var tóftin svo uppblásin að ekki var hægt að greina gerð þeirra húsa sem þar höfðu verið.<sup>10</sup> Kristján Eldjárn rannsakaði meintar kirkjuleifar að Engihlíð árið 1953, hann fann engar minjar um kirkju þar en fann hinsvegar nælubrot.<sup>11</sup> Sama ár gróf Kristján að Broddaskála og fundust þar munir sem bentu til fornar búsetu.<sup>12</sup> Kristján Eldjárn gróf í Papey í nokkur sumur frá 1965-1971 og síðan aftur 1981. Hann skrifaði mikið bæði um örnefni og minjar í eyjunni og nágrenni hennar sem og um þá uppgrefti sem hann vann þar í leit að minjum um veru Papa á landinu. Þó Kristján fyndi engin merki um papa fann hann minjar um forna byggð sem sýnir að menn hafa sest að í Papey á fyrstu öldum byggðar í landinu.<sup>13</sup> Í kringum 1980 voru kaupstaðarminjar í Búðavík í landi Gautavíkur rannsakaðar af Torsten Capelle og Guðmundi Ólafssyni. Þar eru 30-40 búðir í nokkrum þyrpingum og var grafið í sumar og kom í ljós að þær eru frá 16. öld.<sup>14</sup> Guðrún Sveinbjarnardóttir skráði fornleifar í Fossárdal, Berufjarðardal og Búlandsdal sumarið 1983 og rannsakaði þar helst dreifingu býla á svæðinu.<sup>15</sup>

## 2. Yfirlit um sögu byggðar á svæðinu

Aðferðunum sem hér verður beitt til þess að skoða byggð á svæðinu eru þær að fyrst er gerð grein fyrir landnámi eins og frá því er sagt í Landnámabók en á grunni þess og staðsetningu kumla og kirkna er hægt að setja fram tilgátur um hvaða jarðir byggðust fyrst.

<sup>8</sup> Bruun, Daniel. *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár I-II*. bindi.

<sup>9</sup> Ágúst Ó Georgsson. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornminjar*, 49-50.

<sup>10</sup> Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé*, 17

<sup>11</sup> Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé*, 296

<sup>12</sup> Skýrslur um Þjóðminjasafn 30.7.1953.

<sup>13</sup> Kristján Eldjárn: "Papey. Fornleifarannsókn 1967-1981" *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1988*,

<sup>14</sup> Guðmundur Ólafsson: "Fornleifarannsóknir í Gautavík." Ljóri, rit um muni og minjar, 1. árg, 1. tbl; Capelle, Torsten: *Untersuchungen auf dem mittelalterlichen Handelsplatz Gautavík*, Island. Köln 1982

<sup>15</sup> Guðrún Sveinbjarnardóttir: *Farm abandonment in medieval and postmedieval Iceland 1992*

Kuml eru auðsjáanlega vísbending um byggð fyrir árið 1000, en kirkjur og bænhús eru yfirleitt talin hafa verið reist skömmu eftir kristnitöku. Nærtækasta skýringin á hinum mikla fjölda guðshúsa er sú að þau hafi upphaflega verið byggð í heimagrafreitum, sem voru líklega við hvern bæ eins og kumlateigar í heiðni. Sé svo má nota bænhús eða kirkju sem vísbendingu um að viðkomandi bær hafi verið komin í byggð á fyrri hluta 11. aldar. Jarðir þar sem kirkjur og bænhús hafa verið, eru að jafnaði stærri og dýrari en þær sem ekki höfðu slík hús og er því oft freistandi að álykta að minniháttar jarðir þar sem ekki hafa verið bænhús séu seinna til komnar, eða hafi að minnsta kosti ekki verið orðnar sjálfstæð býli á fyrri hluta 11. aldar. Ritaðar heimildir eru helstar Landnámabók, fornsögur og fornbréf.

Hinir fornu hreppar sem síðar urðu Djúpavogshreppur voru báðir svokallaðir þingahreppar, það er kenndir við þingstaði hreppanna sem voru á Berunesi og Geithellum. Búskapur á svæðinu hefur mótast af landslaginu. Undirlendi er víðast lítið, sérstaklega í Berufirði þar sem það er aðeins mjó ræma. Í Álftafirði eru hinsvegar víðlendar engjar. Dalirnir eru margir grösugir og kjarri vaxnir. Eyjarnar utan við Búlandsnes voru ekki landfastar eins og þær eru margar nú en sandur hefur hlaðist þar upp jafnt og þétt. Sandurinn hefur víða gert óskunda, því innst í Álftafirði er vart skipgengt lengur og enginn útróður hefur verið stundaður þar öldum saman. Búskapur í Berufirði hefur því sennilega þurft að treysta meira á sjósókn en gjöfular engjar og víðlendir afréttir hafa verið grundvöllur búskapar í Hamarsfirði og Álftafirði.

Landnám skiptir miklu máli er byggðasaga sveitarfélaga er rannsökuð því þeir sem komu fyrstir gátu tekið bestu löndin, höfðu mestra hagnuna að gæta og mótuðu oft þá byggð er fylgdi í kjölfarið. Ætla má að bæir hafi byggst snemma þar sem fór saman sæmileg höfn, góð skilyrði til búfjárræktar og fjölbreytileg hlunnindi, svo sem fjörubeit, sumarbeitiland, reki, æðarvarp eða selveiði svo eitthvað sé nefnt. Samkvæmt Landnámu má rekja upphaf byggðar við Berufjörð til Þjóðreks er nam Breiðdal allan en hraktist þaðan og nam alla nyrðri strönd Berufjarðar og suður um Búlandsnes og bjó þrjá vetur að Skála. Síðar keypti Björn hávi jarðir af honum og eru Berufirðingar af honum komnir.<sup>16</sup> Þess er ekki getið hvar Björn hávi bjó en þess hefur verið getið til að það hafi verið á Búlandsnesi.<sup>17</sup> Líklegra verður að telja að hver sá er byggði Berufjörð fyrst hafi búið á kostabúinu Berufirði miðað við dýrleika þess og það víðlenda landsvæði sem tilheyrði þeirri jörð.

<sup>16</sup> ÍF I, 308

<sup>17</sup> Ingimar Sveinsson: *Djúpivogur*, 18

Á milli Lónsheiðar og Búlandness er stuttur og breiður flói og inn úr honum ganga síðan tveir firðir. Til forna hétu þeir Álfafirðir hinn eystri/nyrðri og syðri en nyrðri fjörðurinn er nú nefndur Hamarsfjörður.<sup>18</sup> Samkvæmt Landnámu nam Björn sviðinhorni Álfafjörð enn nyrðra inn frá Rauðaskriðum og Sviðinhornadal. Þetta eru því að öllum líkindum Hamarsfjörður og Hamarsdalur.<sup>19</sup> Menn eru ekki sammála um hvort Björn hafi numið allan Hamarsdalinn eða aðeins norðan ár.<sup>20</sup> Þess hefur verið getið til að Björn hafi búið á Hamri sem er líklegt vegna þess að það var kirkjufjörð, hæst metin á þessum slóðum og með fjölda afbýla.

Frá suðurenda Hamarsfjarðar, út um Melrakknes og að sýslumörkum eru nefndir til þrír landnámsmenn, sem komu allir samtímis til landsins og voru frá sama héraði í Hörðafylki í Noregi. Brand-Ögmundur nam land fyrir norðan Múla, Kambsdal (Geithellnadal) og Melrakknes og inn að Hamarsá. Bústaður hans er ekki nefndur á nafn.<sup>21</sup> Þar sem Landnáma segir að Brand-Önundur hafi numið land inn að Hamarsá er líklegt að landnám Björns sviðinhorna hafi aðeins náð til norðurhluta Hamarsdals en hinsvegar er óljósara hvort Brand-Önundi tilheyrði landið norðan Geithellnaár í Geithellnadal. Haraldur Matthíasson telur að Geithellnadalur hafi allur tilheyrt landnámi Brand-Ögmundar.<sup>22</sup> Þess er ekki getið hvar hann bjó en ekki er ólíklegt að það hafi verið á annaðhvort Melrakknesi eða Geithellum.

Sá landnámsmaður sem bjó að Hofi hét Böðvar hvíti.<sup>23</sup> Halldór Stefánsson telur landnám hans hafa náð frá Geithellnadal sunnanverðum (eða yfir allan dalinn) yfir allan Hofstaðadal og sunnanverðan Flugustaðadal.<sup>24</sup> Hefur verið bent á að “dali alla” eigi sennilega ekki aðeins við Hofstaðadal og Flugustaðadal heldur hljóti Geithellnadalur (allur eða sunnan ár) að fylgja með.<sup>25</sup>

Þorsteinn trumbubein var frændi Böðvars hvíta og kom með honum til landsins. Starmýrardalur hefur lent í landnámi Þorsteins trumbubeins, er nam fyrir utan Leiruvog til Hvalsnesskriðna.<sup>26</sup> Miðað við þessi takmörk á landnámi er ekki ósennilegt eins og Halldór

---

<sup>18</sup> DI XII, 5.

<sup>19</sup> *Íslensk fornrit* I, 309

<sup>20</sup> Halldór Stefánsson: “Landnám í Austfirðingafjórðungi”, 78-83

<sup>21</sup> *Íslensk fornrit* I, 310

<sup>22</sup> Haraldur Matthíasson: *Landið og landnáma*, 372-373

<sup>23</sup> *Íslensk fornrit* I, 310

<sup>24</sup> Halldór Stefánsson: “Landnám í Austfirðingafjórðungi”, 78-83

<sup>25</sup> *Árbók Ferðafélags Íslands* 1955, 34.

<sup>26</sup> *Íslensk fornrit* I, 309; *Árbók Ferðafélags Íslands* 1955, 34.

Stefánsson heldur fram, að Þorsteinn hafi búið á Þvottá og nær landnámið yfir lítið meir en þá jörð.<sup>27</sup>

Engin kuml hafa fundist á skráningarsvæðinu en hinsvegar hafa fundist rómverskir peningar í landi Bragðavalla. Þar eru minjar um ónafngreint eyðibýli þar sem peningarnir fundust ásamt ýmsum forngripum öðrum með víkingaaldaryfirbragði. Flest bendir til þess að þar hafi verið forn byggð þó ekki sé hægt að tímasetja hana nákvæmlega. Það að engin kuml hafi fundist þýðir auðvitað ekki að engir heiðnir menn hafi riðið um þessi héruð. Dreifing kumla um landið er ekki jöfn og hafa menn ekki neina eina skýringu á því hversvegna það er svo.

Innan skráningarsvæðisins liggur eyjan Papey en í Landnámu segir að þar hafi fundist leifar eftir papa þá sem þar bjuggu en flýðu undan hinum heiðnu landnámsmönnum. Kristján Eldjárn rannsakaði margar tóftir á eyjunni en taldi sig ekki hafa fundið neinar minjar um þá í eyjunni. Hann var farin að efast um að papar hefðu nokkurn tíma komið til eyjarinnar, eða jafnvel Íslands. Til að styðja þá kenningu að papar hefðu jafnvel aldrei stigið á íslenska grund benti hann á landslagið í Papey, en þar eru ávalar klettaborgir sem minna á býkúpulagaða kofa einsetumanna sem fundist hafa annarsstaðar. Hinsvegar fann Kristján leifar af skála norrænna manna í Papey og gat fært sönnur á að menn hafi sest þar að þegar á fyrstu öldum byggðar í landinu.<sup>28</sup>

Telja má líklegt að jarðir, þar sem guðshús voru, hafi byggst á 11. öld. Fyrir utan kirkjustaðina hefur byggð því hafist snemma á öðrum bæjum þar sem voru útkirkjur eða bænhús. Sóknarkirkjur í Djúpavogshreppi voru á Berunesi, Berufirði Hálsi, Hofi og Þvottá. Kirkja á Berunesi er nefnd í kirknaskrá Páls biskups frá um 1200.<sup>29</sup> Í máldaga frá 1397 segir að þangað liggi tíundir og lýsistollar af 5 bæjum.<sup>30</sup> 1847 liggja sóknarmörk milli Berufjarðar- og Berunessókna milli Skála og Gautavíkur og er líklegt að sóknarmörkin hafi verði þar um aldir, sérstaklega þar sem Berufjörður átti hluta af Skála og sennilegt að hið mikla flæmi sem tilheyrði Berufirði á miðöldum hafi verið hluti af landsvæði landnámsmannsins í Skála. Í sókninni voru engar útkirkjur en eitt bænhús að Krossi, fyrst nefnt 1397.<sup>31</sup>

<sup>27</sup> Halldór Stefánsson: "Landnám í Austfirðingafjórðungi", 78-83

<sup>28</sup> Kristján Eldjárn: "Papey" *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1988*, 39

<sup>29</sup> DI XII, 5

<sup>30</sup> DI IV, 230

<sup>31</sup> DI IV, 230

Sóknarkirkjan í Berufirði er einnig nefnd í kirknaskrá Páls biskups frá um 1200.<sup>32</sup> Í máldaga frá 1397 segir að kirkjan eigi hálf tveir bæir séu í sókninni. Eins og áður var nefnt er landsvæði það sem áður tilheyrði Berufirði mjög víðfeðmt, þar sem allar jarðir frá Urðarteigi að Kelduskógi eru fyrrum hjáleigur frá kirkjujörðinni og átti hún allan Fossárdal. Ekki kemur fram berum orðum hvaða tvær jarðir þetta voru sem áttu sókn til Berufjarðar, en sagt að það séu þeir tveir bæir á Berufjarðarströnd sem þar eru næstir. Önnur hefur verið Skáli sem var landnámsjörð og þar var bænhús. Kirkjan eignaðist við lok miðalda hluta í Skála.<sup>33</sup> Hin jörðin hefur verið Kelduskógur enda vitað um byggð þar á miðöldum. Fyrir 1397 gæti hafa verið byggð í Fossárdal en margt er á huldu um byggð þar. Þar eru þó nokkrar tóftir og lengi hefur verið talið að fjöldi jarða með eigin sóknarkirkju hafi verið á Fossárdal og að þær jarðir hafi allar farið í eyði í plágunum á 15. öld. Guðrún Sveinbjarnardóttir hefur skráð alla staði í dalnum og kannað vísbendingar um aldur þeirra.<sup>34</sup> Á tveimur stöðum, Engihlíð og Broddaskála, fann hún merki um mannvist sem eru miklu eldri en gjóskulag frá 1362 og hefur því verið byggð á þessum stöðum á miðöldum, sennilega mjög snemma og ekki mjög lengi. Um byggð á bænum Fossárdal (Eyjólfsstöðum) er erfiðara að segja en bæjarins er hvergi getið fyrir en í manntali 1703 og þá sem hjáleigu frá Berufirði.

Kirkjunnar á Hálsi er getið í kirknatali Páls biskups eins og annarra sóknarkirkna á svæðinu.<sup>35</sup> Undir kirkjuna heyrðu tvö bænhús, að Búlandsnesi og Hamri.<sup>36</sup> Einnig hefur verið bænhús eða útkirkja í Papey en hennar er ekki getið í máldögum. Samkvæmt máldaga frá því í kringum 1500 voru tvær jarðir í sókninni og hafa það væntanlega verið Búlandsnes og Hamar.<sup>37</sup>

Kirkjan að Hofi var orðin sóknarkirkja fyrir 1200.<sup>38</sup> Ekki eru heimildir um sóknarmörk Hofssóknar á miðöldum. Þau náðu frá Melrakkanesi að norðanverðu en meiri óvissa er um suðurmörkin, þ.e. hvort Flugustaðir tilheyrðu Hof- eða Þvottársókn. Líklegra er að Flugustaðir hafi tilheyrt Þvottársókn þar sem í henni áttu að vera 3 byggð ból um 1570 og er þá ekki öðrum til að dreifa en Þvottá sjálfri, Starmýri og Flugustöðum. Bænhús í Hofssókn voru á Melrakkanesi og Múla en útkirkja á Geithellum en ekki eru öruggar heimildir fyrir öllum þessum bænhúsum, aðeins örnefni. Ef marka má dýrleika

---

<sup>32</sup> DI XII, 5

<sup>33</sup> DI VII, 32

<sup>34</sup> Guðrún Sveinbjarnardóttir : *Farm abandonment*, 54-75.

<sup>35</sup> DI XII, 5

<sup>36</sup> DI IV, 230-231

<sup>37</sup> DI VII, 33

<sup>38</sup> DI XII, 5



Þessara jarða er við því að búast að þar hafi verið bænhús þó þeirra sé ekki getið í miðaldaheimildum. Þvottá kemur við sögu kristnitökunnar en þar á Síðu-Hallur að hafa búið og tók hann skírn af Þangbrandi. Kirkjustaðurinn að Þvottá kemur við sögu í Þorlákssögu því Þorlákur reyndi árangurlaust að ná honum undir sig um 1179.<sup>39</sup> Eins og áður sagði lá bænhúsið á Starmýri undir Þvottá. Sóknin var lögð undir Hofssókn 1755.<sup>40</sup>

Af öllu þessu má ráða að byggð hafi verið orðin nokkuð stöðug á svæðinu á 11. öld. Þær jarðir sem að öllum líkindum var búið á voru Kross, Berunes, Skáli, Berufjörður, Búlandsnes, Háls, Hamar, Melrakkanes, Geithellar, Múli, Hof, Starmýri og Þvottá. Einnig eru greinargóðar sannanir fyrir fornri byggð í Papey. Aðrir bæir sem verið hafa í stöðugri byggð á seinni öldum eins og Núpur, Karlsstaðir, Gautavík, Kelduskógar og Flugustaðir gætu vel hafa verið komnir í byggð þá og hafa í það minnsta ekki byggst löngu seinna. Hugsanlega hefur byggðamunstur verið með lítilliga öðrum hætti í öndverðu og benda fornbylín tvö í Fossárdal til þess. Þau hafa farið í eyði mjög snemma, e.t.v. þegar á 11. öld og má vera að um sé að ræða sambærilega þróun og varð víða inn til landsins þar sem lítil býli voru að leggjast í eyði á þessum tíma. Ástæður þessarar eyðingar eru umdeildar, en ljóst í þessu tilfalli að bóndinn í Berufirði hefur haft umtalsverðan ábata af landi því sem með þessu hefur lagst við jörð hans.

Engar jarðir á skráningarsvæðinu eru nefndar í Sturlungu. Sögupættir Álftfirðinga eru Þorsteins saga Síðu-Hallssonar og þættir af bræðrum hans Agli og Þiðranda en fátt er að græða á fornritum okkar um byggðasögu Djúpavogshrepps nema það að ætla má að þeir bæir sem nefndir eru í sögunum hafi verið komnir í byggð á ritunartíma sögunnar um miðja 13. öld. Þeir bæir sem fyrst eru nefndir í fornritum eru Gautavík sem bæði er nefnd í Njálssögu og Fljótsdælasögu<sup>41</sup> og Karlsstaðir sem eru nefndir í Þorsteinssögu Síðu-Hallssonar.<sup>42</sup>

Elstu fornbréfin eru frá 13. öld og má oft fá nokkra hugmynd um byggðaskipan út frá þeim en aðeins ein jörð, þar sem ekki var kirkja eða bænhús, kemur fyrir í fornum skjölum, máldögum kirkna og sölu-, testamentis eða vitnisburðarbréfum: Mótekja Berufjarðarkirkju í landi Kelduskóga er tilgreind í máldaga frá 1397.<sup>43</sup>

Þá má draga ályktanir af dýrleika jarða. Dýrleikinn var fasteignamat sem virðist hafa verið fastsett snemma, a.m.k. þegar á 12. öld og má því hafa hann sem vísbendingu

<sup>39</sup> *Biskupasögur* I, 282

<sup>40</sup> Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófesta*, 31

<sup>41</sup> *Íslensk fornrit* XIII, 208; *Íslensk fornrit* XI, 256

<sup>42</sup> *Íslensk fornrit* XI, 317

<sup>43</sup> DI IV, 202-203

um misjöfn gæði jarðanna. Sennilegt verður að telja að dýrustu jarðirnar séu á þeim stöðum sem bestir voru til búsetu og því líklegir til að hafa byggst fyrst. Í töflunni hér að neðan eru teknar til samanburðar þrjár heimildir um fasteignamat. Matið frá 1696 er úr skrá um dýrleika og landskuld jarða á Íslandi frá því ári<sup>44</sup> og síðara matið frá 1847 úr Jarðatali Johnsens.<sup>45</sup>

Nafn jarðar	Dýrleiki 1686/1696 í hdr	Eigandi	Dýrleiki 1847 í hdr.	Eigandi
Urðarteigur			6	kirkjueign
Fossárdalur			4	
Eiríksstaðir			2 eða 3	
Berufjörður	60			
Kelduskógur	6	kirkjueign	6	kirkjueign
Skáli	16	¼ kirkjueign	16	¼ kirkjueign
Gautavík	6	bændaeign	6	bændaeign
Titlíngur			3 eða 6	bændaeign
Berunes	12	bændaeign	12	bændaeign
Karlsstaðir	10 (tvískipt)	bændaeign	16	bændaeign
Steinaborg	4	bændaeign	4	bændaeign
Fossgerði	3	bændaeign	3	bændaeign
Kross	20	bændaeign	20	bændaeign
Krossgerði	6	bændaeign		
Núpur	15	kirkjueign	15	kirkjueign
Papey	12	konungseign	12	bændaeign
Búlandsnes	12	kristfé	6	fátækraeign hreppsins
Borgargarður			4	bændaeign
Bjargarrétt			2	bændaeign
Háls	staður	kirkjueign	8	kirkjueign
Kambshjáleiga			4	bændaeign
Stekksbjáleiga			3	bændaeign
Teigarhorn			3	bændaeign
Hamar	14	kirkjueign	12	kirkjueign
Veturhús	3	konungseign	2	sýslueign.
Melrakknes	16	bændaeign	16	bændaeign
Geithellur	50	bændaeign	50	fátækraeign hreppsins
Múli	30	bændaeign	30	bændaeign
Hærukollsnes			3	kirkjueign
Hof	staður	kirkjueign		kirkjueign
Túnguhlíð				kirkjueign
Markúsarsel				kirkjueign
Flugustaðir	6	kirkjueign	6	kirkjueign
Starmýri	20	bændaeign	20	bændaeign
Þvottá	staður	kirkjueign	10	kirkjueign

<sup>44</sup> Björn Lárusson: *The old Icelandic Land Registers*, 103-104.

<sup>45</sup> Johnsen, 59-61.

Meðaldýrleiki jarða í Djúpavogshreppi 1696 var ríflega 16 hdr. Hinsvegar hefur meðaldýrleiki lækkað niður í rúmlega 10 hdr 1847 þrátt fyrir að sumar dýrustu jarðirnar – kirkjustaðirnir – séu taldir þá en ekki 1696. Fyrir því eru nokkrar greinilegar ástæður, svo sem að dýrleiki Berufjarðar (60 hdr) er ekki tilgreindur 1847 þó hann hafi sennilega verið sá sami. Einnig telur Johnsen upp fjölda afbýla og hjáleiga sem ekki eru talin upp í fyrria yfirlitinu en öll þessi býli hafa verið rýr kot og lágt metin. Á einum stað hækkar mat jarðar: Karlsstaðir voru aðeins 10 hdr 1696 en þá var henni skipt í tvö býli, 6 og 4 hdr hvort. Neðri-Karlsstaðir höfðu síðan verið innlimaðir í jörðina 1847 og má vera að það hafi hækkað matið. Þegar bornar eru saman heimildir um forna byggð á jörðum og síðan jarðamat er aðeins ein jörð sem er hátt metin en ekki nefnd í fornbréfum og það er Núpur. Jörðin var 15 hundruð og hin sæmlegasta bújörð og allar líkur benda til þess að hún hafi byggst snemma ekki síst ef skoðaðar eru kenningar um örnefni (sjá síðar).

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á 20. öld eru á flestum stöðum á landinu margir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði fyrir 1847. Hér er sleppt öllum afbýlum í landi Búlandsness því flest þeirra tilheyrðu kaupstaðnum að Djúpavogi og eiga þar með ekki heima í almennu yfirliti um hjáleigubýggð í hreppnum.

Númer	Nafn á býli	Í byggð	Númer	Nafn á býli	Í byggð
SM-212:008		ekki vitað	SM-230:026	Guðrúnarhús	ekki vitað
SM-213:008	Engihlíð	f. 1362	SM-232:014	Liljustaðir	ekki vitað
SM-213:022		ekki vitað	SM-232:036	Goðatættur	10. öld
SM-213:023		ekki vitað	SM-232:060		e. 17. öld
SM-213:058	Broddaskál	f. 1362	SM-236:012	Hringur	
SM-213:064	Sómastaðir	ekki vitað	SM-236:027	Klapparhjáleiga	
SM-213:072	Hæli	ekki vitað	SM-239:025	Salómonshús	
SM-213:073	Tómasarsund	19. öld	SM-240:008	Eiðshólahjáleiga	f. 1759
SM-214:003	Hali	19. öld	SM-240:009	Einarsgil	15. öld
SM-214:004		ekki vitað	SM-240:010	Fossbrekkur	1608/1826-52
SM-214:007	Bakki	ekki vitað	SM-240:011	Helgusel	ekki vitað
SM-214:008		ekki vitað	SM-240:012	Jónssel	f. 1707
SM-215:013	Kambshjáleiga	ekki vitað	SM-241:014	Refsstaðir	miðaldir?
SM-215:017	Selnes	ekki vitað	SM-242:008	Selhússtaðir	f. 1608
SM-215:018	Hjalli	ekki vitað	SM-243:033	Gróutópt	ekki vitað
SM-215:023	Árnahús	18-19. öld	SM-244:011		ekki vitað
SM-215:024	Guðfreðarstekkur	ekki vitað	SM-244:012	Karlstættur	f. 1744
SM-215:039	Innri-Hjáleiga	ekki vitað	SM-244:013	Kálfeyri	ekki vitað
SM-218:009	Hraunanes	19. öld	SM-244:014	Krosshóll	f. 1744
SM-218:013	Magnúsartættur	ekki vitað	SM-244:015	Fossbrekkur	19. öld
SM-221:015	Borg	18-19. öld	SM-245:018	Þormóðshvammar	f. 1885
SM-221:017	Eiði	ekki vitað	SM-245:022	Virkishólssel	1860/1886-94
SM-221:023	Gunnlaugsstaðir	ekki vitað	SM-247:021	Efríbær	ekki vitað
SM-221:029	Lögretta	18.-19. öld	SM-247:034	Tobbutótt	ekki vitað
SM-222:016	Piljuvallastekkur	ekki vitað	SM-247:097	Þórarinskot	ekki vitað
SM-223:002	Gíslatangi	ekki vitað	SM-249:021		ekki vitað
SM-223:004	Grundarstekkur	ekki vitað	SM-250:014	Bessastaðir	f. 1831

SM-223:006	Hali	ekki vitað	SM-250:019	Þorkelssel	ekki vitað
SM-223:020	Karlsstaðahv.	um 1900	SM-254:012	Grenjaðarstaður	f. 15. öld
SM-223:021		ekki vitað	SM-254:013	Mosfell	f. 15. öld
SM-223:022	Karlsstaðaborg	í byggð 1703	SM-255:023	Stekkjartún	ekki vitað
SM-226:008	Ráðleysa	ekki vitað	SM-255:024	Halldórshús	ekki vitað
SM-227:027	Þorlaksstekkar	19. öld	SM-256:010	Kambar	í byggð 1760
SM-227:034	Alda	19. öld	SM-256:011	Pisjubakkar	í byggð 1760
SM-227:043	Nýibær	ekki vitað	SM-256:017	Fauskasel	í byggð 1700
SM-228:020	Halldórstættur	ekki vitað	SM-256:022	Kristrúnartótt	ekki vitað
SM-228:021	Steingrímskofi	ekki vitað			
SM-228:028	Höfn	ekki vitað			
SM-228:029	Krossgerðisstekkur	ekki vitað			
SM-228:030	Ísleifskambur	ekki vitað			

Því miður eru heimildir rýrar þegar kemur að því að tímasetja hjáleigubýggð á svæðinu. Af þessum býlum byggjast sum aðeins í nokkur ár og önnur voru í stopulli byggð. Á 17. öld varð mikil byggðaaukning á Íslandi, fjöldi hjáleigna og smákota byggðust upp um allt land, sum í skamman tíma en önnur hafa haldist í byggð fram á þennan dag. Líklegt er að þó nokkuð af þessum býlum hafi einmitt byggst þá þó að heimildir vanti um það. Sagnir hafa varðveist um hjáleigubýggð inn á dölunum upp af ströndinni og tengjast þær flestar plágunum á 15. öld. Fyrst má nefna byggðina á Fossárdal þar sem sagt er að 14 býla kirkjusókn hafi lagst í eyði árið 1402. Ekki hafa fundist svo margar bæjarleifar og þegar Guðrún Sveinbjarnardóttir rannsakaði tvennar bæjarleifar sönnuðu gjóskulög búskap á miðöldum en bæði býlin voru komin í eyði fyrir 1362 þannig að enga tengingu er að finna þar við plágurnar miklu. Í Fossárdal var nokkur byggð á 18. og 19. öld og þar eru frekar rýr kot og erfitt með samgöngur og líklegra að þröngbýli á skárri jörðum hafi neytt menn til að koma sér upp búum þar. Guðrún telur mjög ólíklegt að 14 býli hafi verið í dalnum. Heildarfjöldi minjastaða þar sem mögulega gætu hafa verið býli er frekar um 7 eða 8. Einnig er ljóst að þessir staðir voru ekki í byggð á sama tíma.<sup>46</sup> Á 19. öld varð beinlínis sprenging í byggð á Austurlandi, og virðist býlum hafa fjölgað þar meira en í öðrum landshlutum. Fjöldi nýbýla reis á Jökuldalsheiði en einnig þéttist byggðin mjög á láglandi og nýjar jarðir urðu víða til þar sem áður höfðu verið beitarhús eða sel, og aðrar í tónum stórbýla.<sup>47</sup>

Nokkur hjáleigubýggð var á Hamarsdal í landi Hamars og Bragðavalla (Melrakkaness). Þar hafa varðveist nokkrar heimildir um byggðina og greinilegt að um tíma var búíð víða í dalnum. Einnig hafa fundist minjar um forna byggð í landi Bragðavalla þar sem kallað hefur verið “Djúpibotn” en þar fann bóndinn á bænum

<sup>46</sup> Guðrún Sveinbjarnardóttir: *Farm abandonment*, 71

<sup>47</sup> Sjá meðal annars: Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir: *Meningarminjar á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystra. Svæðisskráning*. FS072-98081

rómverska peninga og fornlegar bæjartóftir sem voru því miður orðnar mjög ógreinilegar þegar Matthías Þórðarson rannsakaði þær á fjórða áratug síðustu aldar. Í Geithellnadal og Hofsdal var hjáleigubýggð sem vitað er um. Í Flugustaðadal eru síðan nefnd tvö afbýli sem einnig eiga að hafa lagst í eyði í plágunni 1402 og eiga þar að hafa verið stórbýli, en rannsaka þarf þær tóftir áður en hægt er að leggja mat á það.

Sú þróun varð víða á Austurlandi á síðari hluta 19. aldar að hjáleigubýggðin lagðist af og íbúarnir fluttust til Ameríku. Einhverjum þeirra sem fluttu af litlum kotum hefur þótt það fýsilegur kostur að flytja í kaupstaðinn að Djúpavogi því þar var komin þónokkur byggð um aldamótin 1900 og hefur byggðasaga frumbýlinganna þar verið rakin að hluta í ritum Ingimars Sveinssonar.

Ljóst er að helstu býlin á skráningarsvæðinu hafa alltaf verið við ströndina, þar sem aðgengi var bæði að góðu beitilandi til fjalla og sjónum og þeim hlunnindum sem nálægð við hann gat veitt. Flestra stærri býla á skráningarsvæðinu er getið á miðöldum fyrir utan Núp. Þó heimildir geti ekki um jarðir fyrir en á 13. öld, segir það lítið um hvenær þær voru fyrst byggðar og má ætla að flest lögbýlin hafi verið komin í byggð á 11. öld, í síðasta lagi. Ekki er að sjá að neinar verulegar breytingar hafi orðið á byggð á hámiðöldum eða eftir siðaskipti, fyrir utan þá fjölgun á hjáleigum sem hefur þegar verið rakin.

Bæjanöfn sem eru ósamsett náttúrunöfn eru yfirleitt talin til marks um elsta stig búsetu. Núpur, Háls, Hamar, Múli og Á (Þvottá hét Á fyrir 1000) eru nöfn sem uppfylla þessi skilyrði. Allt eru þetta hátt metnar jarðir, miðað við jarðamat í hreppnum, og voru Háls og Þvottá hvortveggja kirkjujarðir. Algengustu liðir í bæjanöfnum í Landnámu eru fell, dalur, holt, nes, vík, hóll, á og eyri og flest þeirra ósamsett. Nokkrir liðir eru enn fátíðari, það eru t.d. fors (foss) og múli.<sup>48</sup> 9 bæjanöfn eru samsett úr náttúrunöfnum, Kelduskógur, Berufjörður, Fossárdalur, Búlandsnes, Gautavík, Melrakknes, Hærukollsnes, Berunes og Búlandsnes. Bæjanöfn sem enda á -staðir eru yfirleitt talin tilheyrja seinni stigum landnáms. Tvö lögbýli með -staða endingu eru í hreppnum, Karlstaðir og Flugustaðir. Langflest lögbýli hreppsins bera náttúrunöfn sem er mun algengara í Landnámu.<sup>49</sup> Má því ef til vill draga þá ályktun af örnefnum að strandlengja Djúpavogshrepps hafi byggst snemma á landnámsöld og þótt ágætur kostur.

Eins og sést af þessum hugleiðingum má leggja á ýmsan hátt út af tiltækum heimildum um upphaf byggðar á skráningarsvæðinu en er þó fátt fast í hendi.

<sup>48</sup> Svavar Sigmundsson. "Íslensk örnefni", 12.

<sup>49</sup> Svavar Sigmundsson. "Íslensk örnefni", 12.

### 3. Skrá yfir fornleifar í Djúpavogshreppi

#### SM-212 Urðarteigur

6 hdr 1847, áður talin hjáleiga frá Berufirði (SM-215), Berufjarðarkirkjueign. Urðarteigur, Fossárdalur (Víðines), Eiríksstaðir og Kelduskógur voru eign kirkjunnar í Berufirði og hafa sennilega skipst úr upphaflegu heimalandi. Eitt ónefnt afbýli.

1919: Tún 1,61 ha. “Gamla túnið við sjóinn var jarðgrunnt og grýtt, innan um klettastrýtur og staksteina, en grasgefið og í námunda mýrarhorn, sem nú hafa verið þurrkuð og ræktuð. Annars eru ræktunarskilyrði miður góð, nú lítið ræktanlegt land nema helst melar.” SJM III, 411

**SM-212:001** *Urðarteigur* bæjarhóll bústaður

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-212:002** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-212:003** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-212:004** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-212:005** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-212:006** garðlag landamerki

“Á merkjum Teigarhorns í Búlandshreppi og Urðarteigs í Beruneshreppi er grjótgardur skammt fyrir innan Búlandsá. Hann hefur stefnu frá sjó til fjalls, en nær hvorki að sjó né fjalli.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Urðarteigur, 1

**SM-212:007** *Dysjarhyrna* örnefni

“Síðan eru merkin sjónhending frá þessum garði [006] upp á fjallseggjar og inn eftir þeim inn á Dysjarhyrnu og úr henni beina línu í Skeggjastein í fjörunni utan við Fossárvík ...” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Urðarteigur, 1

**SM-212:008** bæjarstæði býli

“A Eyvindarnesi ekki langt utan við mörk eru tættur, sem gætu verið afbýli, en ókunnugt um að svo hafi verið.” Segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi.

**Heimildir:**SJM III, 411

**SM-212:009** *Dys* örnefni

“Í hraununum innan við bæinn eru fiskikrær sem enginn veit um aldur.” Segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi.

**Heimildir:**SJM III, 371

**SM-230:015** *Dagmálavarða* varða eyktamark

“Næst fyrir inna [Háubakkafjöru] er Hvalfjara. Þá er Dagmálavarða, klettur niður við fjöruna.” segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 1

**SM-230:016** heimild um verbúð

“Það höfðu gamlir menn fyrir satt, að snemma á öldinni, sem leið, hafi Núpstangi náð alveg út í Rastarsker eða verið um 740 m lengri en hann er nú. Ef það er rétt hefur hann verið mikil hlífð fyrir uppsátrið á Núpi. Þá verður það líka skiljanlegra að fyrrum hafi þar verið verbúðir eins og sagnir herma.” segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 2

**SM-230:017** heimild um verbúð

“Yzt á Núpshöfn er lágur ávalur höll og heitir Hjörleifshóll. Þar voru tættur og litu út fyrir að vera verbúðartættur.” segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 2

**SM-230:018** *Hulduklettur* örnefni

“Niður við fjöruna innan við Núpslæk eru Hulduklettur og nokkru innar er Beinaklettur.” segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 3

**SM-230:019** *Beinaklettur* örnefni

“Niður við fjöruna innan við Núpslæk eru Hulduklettur og nokkru innar er Beinaklettur.” segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 3

**SM-230:020** *Stekkjjarflúð* örnefni stekkur

“Skerjaflúð er vestan við Núpsvog og heitir hún Stekkjarflúð. Næst fyrir innan Strokk eru Skarfaklettur ytri og innri.” segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 3

**SM-230:021** *Núpsphöfn* heimild um lendingu

“Þar er Núsphöfn [við Hafnartanga] og innan við hana Hafnarfjara öðru nafni Fúlavík, sem að hálfu tilheyrir krossi.” segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 3

**SM-230:022** *Vatnsgata* heimild um leið

“Núpsmýrar heitir allt graslendið fyrir utan Núpstún. Í þeim eru yzt Grásteinsbalar og Grásteinsræsi. Þá Djúpugrófarbalar og Djúpugrófarræsi. Síðan Djúpagróf. Innan við hana er Vatnsgata, það er bleyta í götu, og niður af henni Vatnsgötustykki.” segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 4

**SM-230:023** *Vörðustykki* örnefni

“Þá er Bleikkollustykki [eftir 022] og Bleikkolludý. Síðan er Hrossaskjólustykki og þar inn af Vörðustykki og loks Ennisstykki.” segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 4

**SM-230:024** *Fjósálág* örnefni fjós

“Fjósálág er niður með Núpslæk ...” segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 4

**SM-230:025** *Borgartún* örnefni

“Hinsvegar nefnist allt túnið innan við lækinn Borgartún, en innar og neðar er Borgartúnsmýri. Efst á Borgartúni var til skamms tíma fjárhús, sem kallað var Guðrúnarhús og gamlir menn sögðu að þar hefði lengi verið bær, sem heitið hefði Guðrúnarbær. Fyrir ofan Borgartún er Hringklettur öðru nafni Borgarklettur.” segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 5

**SM-230:026** *Guðrúnarhús* bæjarstæði býli

“Hinsvegar nefnist allt túnið innan við lækinn Borgartún, en innar og neðar er Borgartúnsmýri. Efst á Borgartúni var til skamms tíma fjárhús, sem kallað var Guðrúnarhús og gamlir menn sögðu að þar hefði lengi verið bær, sem heitið hefði Guðrúnarbær. Fyrir ofan Borgartún er Hringklettur öðru nafni Borgarklettur.” segir í örnefnaskrá. Sumir telja að þar hafi búið einsetukona.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 5; SJM III, 370

**SM-230:027** heimild um leikvöll

“Hinsvegar nefnist allt túnið innan við lækinn Borgartún, en innar og neðar er Borgartúnsmýri. Efst á Borgartúni var til skamms tíma fjárhús, sem kallað var Guðrúnarhús og gamlir menn sögðu að þar hefði lengi verið bær, sem heitið hefði Guðrúnarbær. Fyrir ofan Borgartún er Hringklettur öðru nafni Borgarklettur. Þar var eftirlætis leikvöllur barna.” segir í örnefnaskrá. Sumir telja að þar hafi búið einsetukona.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 5

**SM-230:028** *Stekkamýri* örnefni stekkur

“Inn og niður af Núpshálsi er Stekkamýri og Ljáarklettsmýri er við Ljárklett.” segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 5-6

**SM-230:029** *Gvendarlækur* heimild

“Fleiri mýrar eru þarna og heita þær einu nafni Núpshjáleigumýrar. Í þeim er Móruflekkudý utan við Dranga og Hálsdý er þar ekki langt frá og hefur afrennsli í Gvendarlæk, sem kemur undan Núpshálsi. Gvendarlækur á að hafa verið vígður af Guðmundi biskupi Arasyni.” segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 6

**SM-230:030** heimild um kvíar

“Uppaf Ennum eru Kvíar. Þar var stundum réttað til skamms tíma.” segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 7

**SM-230:031** *Tröllagil* örnefni

“Næst er Tröllagilsbrekka niður af klettagili fyrir innan Innrigrjót og heitir það Tröllagil.” segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 7

**SM-230:032** *Stekkholt* örnefni stekkur

“Vestan við Innribakka er Stekkholt.” segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 8

## **SM-231 Núpshjáleiga**

Hjáleiga frá Núpi (SM-230) 1847. Er í byggð 1703. Í eyði frá 1961. Nytjuð frá Núpi II.

1918: Tún mestallt þýft. Engar nærtækar, greiðfærar, snöggar og votar, dreifðar um bithaga. beitiland lítið, gott til sumarþeitar en lakar að vetri, snjólétt.” SJM III, 373 1919: Tún 1,36ha, garðar 224m<sup>2</sup>.

**SM-231:001** *Núpshjáleiga* bæjarhóll bústaður

**SM-231:002** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-231:003** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-231:004** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-231:005** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-231:006** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-231:007** *Réttarskot* örnefni rétt

“Upp af Núpshjáleigu eru Núpshjáleiguhraun og í þeim Réttarskot.” segir í örnefnaskrá.

**Heimildir:**Ö-Núpur, 6

## **SM-232 Papey**

12 hdr 1696/1847. Skálholtseign á miðöldum, varð síðar konungseign. Seld af Ögmundi biskupi 1526. DI IX, 390. Bænhús var á jörðinni, en hennar fyrst getið í fornbréfum árið 1526. Jörðin í eyði frá 1949. Við fornleifauppgröft kom í ljós að jörðin hefur byggst snemma. SJM III, 429. Liljustaðir eyðihjáleiga.

1840: “Tún er þar ei lítið og nokkrar útslægjur, þar er og góður útigangur, ei er jörðin heldur áföllum undirköstuð og hefur því ei af sér gengið svo sagt verði.” SSM, 557. 1919: Tún 3,58 ha, garðar 537m<sup>2</sup>. “P var á fyrri tíð vel fallin til búskapar, túnstæði gott og slægjur töluverðar, m.a. í úteyjum, “fuglataða”. Beituland skýlt og snjólétt og fjörubeit ágæt, en bæði flæðihætt og hraphætt fé við sjóinn og skjögur og bráðafár landlægir kvillar. Jarðvegur er víða djúpur, þar eru t.d. svarðarmýrar, og ræktunarskilyrði töluverð.” SJM III, 429.

**SM-232:001** *Papey* bæjarhóll bústaður

Aðalbærinn virðist stundum hafa verði nefndur Bjarg.

**Heimildir:**Túnakort 1919; KE: “Papey” Árbók 1988, 53

**SM-232:002** heimild um kirkju

“Kirkjubarð, á því stendur kirkjan. Kirkjuás er rétt austan við kirkjuna.” segir í örnefnaskrá FÍ: “... gamall og glöggur maður sagði Gísla Þorvarðarsyni í Papey, að sléttað hefði verið yfir reitinn, þegar hann var útgrafinn og jarðar í hann að nýju.”

PAPEY (SM) (HOFSPING)

lengi verið bænhús.

**Heimildir:**Ö-Papey, 1;PP, 31, ÍF 1955, 40

**SM-232:003** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-232:004** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-232:005** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-232:006** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-232:007** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-232:008** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-232:009** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-232:010** *Írskuhólar* heimild

KE: “Gömlu Papeyingarnir hafa kallað Írskahól austast á eygni og hermt sagnir um vist papa þar, en ekki annars staðar. Eftir að Papeyingar hinir nýju ... settust að í Papey um aldamót, hefur þetta nafn, Írskihóll, færst á hól suðaustast á eygni, og heita þar nú Írskuhólar. Bæst hefur við nafnið Papatættur, sem virðist örugglega myndað eftir 1879, og er nafn á minjum við hól þann, sem áður hét Írskihóll, en minjarnar voru þá sjálfar nafnlausar. Hér á eftir eru nöfn notuð svo sem þau eru nú.”

“Írskuhólar eru á sléttum sjávarbakka skammt austan við Selavog. Þar hafa í landbroti af völdum sjávar komið fram þakhellur úr Rauðuskriðum og aska.” Segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi.

Írskuhólar ... eru smáhólar ... suður og niður frá bæ, austur af Hjallatanga. Þeir eru að öllu leyti náttúrulegar



myndanir, klapparhólar með nokkrum grasi grónum jarðvegi yfir. Einn er þeirra mestur, nokkuð strýtumyndaður. Sunnan í honum er tóft af svolitlum kofa (7), 6x6 m að utanmáli, 3,5 m að innanmáli, dyr suður úr, þar sem verið hefur framstafn, en byggður hefur kofinn verið upp að lóðréttu bergi í hólnum sem bakstafni. Árið 1967 var grafið niður í gólf kofans og fannst þar ekkert mannvistarlag. Hvít gjóska, sem talin er hafa myndast við gos í Örafajökli árið 1362 og finnst víða í eyinni, sást ekki inni í tóftinni, en utan hennar sást þetta lag glögglega. Þetta kofagrey er ekki fornlegt, og hyggur Gústaf Gíslason að þarna hafi verið kindakofi.”

**Heimildir:**SJM III, 429; KE: “Papey” Árbók 1988, 91-92

**SM-232:011** *Papatóft* heimild

KE: “Gömlu Papeyingarnir hafa kallað Írskahól austast á eyinni og hermt sagnir um vist papa þar, en ekki annars staðar. Eftir að Papeyingar hinir nýju ... settust að í Papey um aldamót, hefur þetta nafn, Írskihóll, færst á hól suðaustast á eyinni, og heita þar nú Írskuhólar. Bæst hefur við nafnið Papatættur, sem virðist örugglega myndað eftir 1879, og er nafn á minjum við hól þann, sem áður hét Írskihóll, en minjarnar voru þá sjálfar nafnlausar. Hér á eftir eru nöfn notuð svo sem þau eru nú.” “... þegar dr. Kristján Eldjárn gróf í Papatættur sumarið 1971 kom í ljós forn bær, og er því ljóst að jörðin hefur byggst þegar ál andnáms- eða söguöld.” “Papatættur ... eru austan til á eyinni út og norður af bæ.” Segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi.

Papey. “Papatóft” eða “papatóftir”, svo nefndar, við Írskahól, austan á eyinni. Sbr. Kálund 1879-1882: 265. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 26.01.1931.

“Þær [rústirnar] eru á lágum hólrana, sem snýr frá austri til vesturs og hallar talsvert til austurs í átt til vikurinnar. Rústirnar eru talsverg fornleifar að sjá af graslagi og öllu yfirbragði. ... Tóftirnar reyndust um 23 m að lengd að utanmáli og var þá mælt það lengsta sem mannamerki virtust vera á. Breiddin er um 6-7 m vestast og langt austur eftir, en þar slær svæðið sér nokkuð út og má kallast um 8-9 m breitt þar sem það er breiðast. ... Mikið vantar á, að Papatættur hafi allar verið grafnar upp. En skoðunarskurðir sýna, að þarna hefur verði einhver tóft, rösklega 2 m breið, með veggjum aðallega úr torfi, nú útflöttum, lengd óviss. Í þessari tóft eru engin mannvistarlög. Þarna hefur aldrei verið mannabústaður.” Gæti hafa verði fjárhús eða mótættur.

**Heimildir:**Skrá um friðlýstar fornleifar, 50; SJM III, 429; KE: “Papey” Árbók 1988, 91-95

**SM-232:012** heimild um kláfferju

“Milli eyjar [Arnarey] og lands er hólminn Eiði fráskorinn af Garnarsundi og yfir það kláfferja og síðan önnur út í Arnarey.” Segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi.

**Heimildir:**SJM III, 428

**SM-232:013** heimild um kláfferju

“Milli eyjar [Arnarey] og lands er hólminn Eiði fráskorinn af Garnarsundi og yfir það kláfferja og síðan önnur út í Arnarey.” Segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi.

**Heimildir:**SJM III, 428

**SM-232:014** *Liljustaðir* bæjarstæði býli

“Liljustaðir heita tóttarbot suðaustan við túnið, virðast leifar afbýlis.” Segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. FÍ: “Rétt suðaustan við túngirðingu eru lágir hólar, samfastir. Sunnan í þeim eru allmörg tóttarbot, og sést greinilega móta fyrir túngarði kringum þá. heitir þarna Liljustaðir.”

“Rétt suðaustan við túngirðingu eru lágir hólar samfastir. Sunnan í þeim eru allmörg tóftabrot og sést greinilega móta fyrir garði kringum þau. Heita þarna Liljustaðir.”

“Garður þessi liggur í stórum sveig frá allmiklum hól, sem þarna verður, suður í Liljustaðamýrina, og er á pörtum sokkin ofan í hana. Norð-austan á hólnum er klettaveggur. Garðurinn virðist ganga upp á hólinn sunnanverðan. Innan garðsins eru nokkrar rústir. Ber þar mest á aflagri veggjárri tóft, rétt suðvestan viðhólinn, með lítilli ferhyrndri tóft byggðri við suðausturhornið. Stærri tóftin er um 10 m löng að innanmáli og um 5,3 m breið, með dyrum á austurgafli. Veggjahæð inni í tóftinni er um 1,2 m, en gólfið virðist vera niðurgrafið. Minni tóftin nær um 3 m suður fyrir þá stærri og er um 3 m á breidd. Tóftir þessar eru alls ekki fornlegar og nægir hin mikla veggjahæð til að sanna það. ... bæði aðaltóftin og viðbyggingin eru yngri, og sennilega miklu yngri en frá 1362. Bæjarhús hafa þetta ekki verið, en ekki er með öllu ljóst til hvers tóftin hefur verið notuð. ... Auk þessara aðaltófta sjást merki eftir að því er virðist fimm aðrar tóftir innan túngarðs. Þrjár eru greinilegastar. Austan við (1), ofarlega í hólnum er aflöng, ferhyrnd dæld (2), um 5 m löng og 2ja m breið. Ekki mótur fyrir ákveðnum veggjum, en þetta gætu þó verið óljósar leifar eftir tóft. Norðan við (1) við Hólræturnar, er lítil ferhyrnd tóft (3), um 2,5 m að lengd innan og 1,4 m breið. Dyr vísa til suðvesturs. Vestan við (3), hornrétt á og grafa niður upp í túngarðinn er ferhyrnd tóft (4). Innan lengd er um 5 m, breidd um 3 m. Dyr vísa til suðurs. Suðvestan við (4), upp í túngarðinn, er lítil, ferhyrnd tóft (5), um 2 m í þvermál að innan. Allar tóftirnar eru vel grónar og þær þrjár síðasttöldu eru mjög greinilegar. Rétt suðaustan við (5) er útflattur hóll (6), um 7,2 m í þvermál mest. Grjót er í hólnum og talið líklegt, að hér hafi verið tóft.” Við uppgröft komu í ljós eldhúsaska frá því löngu fyrir 1362 suðaustan við 5. Einnig kom í ljós að garðurinn er eldri en 1362. Síðustu umsvif á

svæðinu virðast ekki tengjast mannavist en merki benda til mannvistar fyrir 1362.

**Heimildir:**SJM III, 429; FÍ, 1955, 41; KE: "Papey" Árbók 1988, 59, 99-102

**SM-232:015** heimild um legstað

"Enn er tótt við Hellisbjarg, þar sem upp komu við gröft fyrir vatnsleiðslu 10 trénegldir krossar, sem nú er á Þjóðminjasafni, líklega grafreitir þar ..." Segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi.

"Frá túninu upp að Hellisbjargi fer smáhækkandi. Miðja vega er allöng brekka sett smáklettum og heita þar Litluklettur. Við austurenda brekkunnar er allhár, kringlóttur hóll með hárrí þúfu á kollinum. Heitir hann Einbúi. Þar var talin kirkja huldufólks. Sunnan undir Hellisbjargi er uppspretta, þaðan sem nú er leitt vatn í bærinn, og fundust þar í jörðu trékrossar, þegar grafið var fyrir vatnsveitunni. Rétt hjá eru tóftir."

Tóftin var rannsökuð sumrin 1967, 1971 og 1981. "Tóft sú sem grafin var upp undir Hellisbjargi hefur greinilega verið einhvers sonar mannaústædur. Um það bera vitni eldstæðin tvö, sem talin eru hafa fundist í því og eldleiðar annars staðar á gólfi. Varla hafa mannleg umsvif í þessu húsi verið mikil. Það er lítið - aðeins 4,5 x 3,5 m að innanmáli - og í því fundust engir munir né aðrar innréttingar en eldstæðin tvö. ... húsið [gæti] hafa verið í notkun á tímabilinu frá 9. til 11. aldar. Og í eyði var það komið allöngu áður en Örefajökulsgjóskan fékk árið 1362, en hún liggur óhreyfð 15-20 sm ofan við gólfið og yfir allri tóftinni. ... Engin tóft svipuð þessari að lögun er þekkt úr uppgreifri á Íslandi ..." Gæti hafa verið eldhús, en enginn bær er þó nálægt, gæti einnig hafa verið bað.

**Heimildir:**SJM III, 429;; KE: "Papey" Árbók 1988, 63, 112-127

**SM-232:016** heimild um fjós

"Enn uppstandandi sumarfjós, þakið hellum frá Brimilsnesi." Segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi.

"Sumarfjós á Beruhól var gert upp með fornu lagi ... Gísli byggði það, eflaust að skafffellskum hætti ..."

**Heimildir:**SJM III, 430; KE: "Papey" Árbók 1988, 86-87

**SM-232:017** heimild

"Fornar garðhleðslur og virðis bærinn hafa verið færður." Segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi.

**Heimildir:**SJM III, 430

**SM-232:018** *Hvekkur* brunnur vatnsból

"Svíri, lágur, afgangur hóll beint niður af bæ í hádegisstefnu. Hvekkur, brunnur rétt innan við Svíra, aðalvatnsból í lengri tíma. Brunnhóll, lítill hóll rétt hjá Hvekk." segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Papey, 1

**SM-232:019** heimild um fjárhús

"Beruhóll, stór hóll, þar sem sumarfjós og fjárhús stendur." segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Papey, 1

**SM-232:020** heimild um kálgarð

"Framan í honum [Beruhól 021] eru tveir kálgarðar; þann stærri hlóð Þorvarður Gíslason, faðir Gísla Þ., um 1910-12, hinn er yngri." segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Papey, 1

**SM-232:021** heimild um kálgarð

"Framan í honum [Beruhól 021] eru tveir kálgarðar; þann stærri hlóð Þorvarður Gíslason, faðir Gísla Þ., um 1910-12, hinn er yngri." segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Papey, 1

**SM-232:022** *Lifandi Brunnur* brunnur vatnsból

"Lifandi brunnur, brunnur við eystra hornið á minni garðinum niðri í mýrinni, vara vatnsból sem aldrei þraut." segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Papey, 1

**SM-232:023** heimild um kvíar

"Stöðulslettta, sléttan niðri undir hliðinu, þar sem farið er niður í voginn. Stöðull, á sléttunni neðan við hliðið, þar voru kýr mjólkaðar." segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Papey, 1

**SM-232:024** *Völvuhóll* heimild

"Völvuhóll, norðaustast í túni austur við girðinguna, Gísli Þ. vildi aldrei láta hreyfa við honum." segir í

örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Papey, 1

**SM-232:025** heimild

“Í Selavogi er kringlótt tótt til að súrsa þara, var það gert eftir frostaveturinn 1918.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Papey, 1

**SM-232:026** *Rák* heimild um leið

“Rák var einstigi fyrir menn og fé upp í Höfðann, nú hrapað.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Papey, 2

**SM-232:027** heimild

Mannvistarleifar eru í sjávarbökkum milli Írskuhóla og Hjallatanga. Þær hafa verið að brotna út úr bakkanum síðustu ár. Þar hafa komið fram viðarkolamolar, aska og smá hellublöð.

Öskulagagreining leiddi af sér þá ályktun að þarna er ótvíræður vitnisburður um starfsemi manna fyrir 1362, en ekki löngu fyrr. Engar tóftir sjást þó á þessum stað.

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 96-98

**SM-232:028** heimild um leið

“Æðarhólar, austur frá Háubjörgum, hægra megin við götu, þegar gengið er austur í Áttahringsvog er reyndar norður.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Papey, 3

**SM-232:029** heimild um fjárhús

Í Arnarey. “Á hólnum, sem hæst ber á eygni, var kindakofi og heitir hann Kofahóll.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 63

**SM-232:030** *Áttæringvogur* heimild um lendingu

“Í Papey eru þrjár lendingar, Áttæringvogur, Hákarlavogur og Selsvör. Hinn fyrsttalda, sem er austan á eygni, er bezta bátahöfnin, og eitt skip virðist geta legið þar í viðlögum, því að vogurinn er í skjóli fyrir hafvindum ...” Einnig nefndur Áttæringvogur.

**Heimildir:**ÓÓ II, 132

**SM-232:031** *Hákalavogur* heimild um lendingu

“Í Papey eru þrjár lendingar, Áttæringvogur, Hákarlavogur og Selsvör. Hinn fyrsttalda, sem er austan á eygni, er bezta bátahöfnin, og eitt skip virðist geta legið þar í viðlögum, því að vogurinn er í skjóli fyrir hafvindum ...”

**Heimildir:**ÓÓ II, 132

**SM-232:032** *Selsvör* heimild um lendingu

“Í Papey eru þrjár lendingar, Áttæringvogur, Hákarlavogur og Selsvör. Hinn fyrsttalda, sem er austan á eygni, er bezta bátahöfnin, og eitt skip virðist geta legið þar í viðlögum, því að vogurinn er í skjóli fyrir hafvindum ...”

**Heimildir:**ÓÓ II, 132

**SM-232:033** heimild um uppsátur

FÍ: Suðvestur frá bænum er annað aðalvogur eyjarinnar [Selavogur], Fyrir botni hans norðan megin er gott uppsátur ...”

“Í Selavogi er kringlótt tóft [025] ... Þar eru einnig bátanaust, rúst af geymsluhúsi og gamalt bátaspil.”

**Heimildir:**FÍ, 1955, 41

**SM-232:034** *Gonta* heimild um lendingu

FÍ: Suðvestur frá bænum er annað aðalvogur eyjarinnar, Fyrir botni hans norðan megin er gott uppsátur, en sunnan megin er skonsa sem Gonta heitir, þægilegur lendingarstaður fyrir smábáta.”

**Heimildir:**FÍ, 1955, 41

**SM-232:035** þjóðsaga

“Neðan Mávabyggðarvíkur er tangi, sem endar á allháu fuglabjargi, er heitir Eldriði.”

“Munnmæli herma að Mensaldur Raben ríkir Jónsson sem lengi bjó í Papey, hafi gengið fyrir Eldriða í myrkri og týnst og einnig að hann hafi áður fólgið fé sitt. Á fyrri búskaparárum Gísla Þorvarðssonar í Papey sáu loft bál á eygni frá landi, og einu sinni kom jafnvel bátur frá Djúpavogi í hálfófæru veðri til að slökkva. Papeyingar sáu aldrei neina elda. Sumir settur elda þessa í sambandi við hið fóligna gull Mensaldurs Raben.

**Heimildir:**FÍ, 1955, 42

**SM-232:036** *Goðatættur* bæjarstæði býli

“Skammt þaðan [frá Mýrarsundi] í suðurátt er langur og lágur, flatlaga hóll. Á honum eru rústir, sem heita Goðatættur, og mótar fyrir garði í kringum þær.”

“Goðatættur eru fornleifar rústir á syðstu höltungunni. Ingólfur Gíslason segir að móti fyrir garði kringum þær, en það er rangt að því er séð verður við nána athugun. Tóft þessi var lítillega skoðuð 1967, en að fullu grafinn upp 1969. Það sumar varð ljóst, að mannamínjar voru einnig á höltungunni næst norðan við (Goðatættur II), og var þar garfið upp hús 1971. kviknaði þá grunur um, að einnig kynni að vera húsarúst á hinni nyrstu tungu, þar sem reinar er best hússæti, og var þar grafið til reynslu. Fundust þar einnig mannvistarleifar, sem þó virtust ekki vera leifar af húsi. Í brekku handan mýrarinnar til vesturs er hinsvegar fornlegt gerði, sem líklega er að eiga við þessa byggð.”

Goðatættur I voru leifar af fjósi en Goðatættur II leifar af fornum skála sem búið var í einhvern tíma í kringum 10. öld. Byggð lagðist þar af löngu fyrir 1362. Útflatt gerði er kringum svæðið.

**Heimildir:**FÍ, 1955, 42; KE: “Papey” Árbók 1988, 128-157

**SM-232:037** heimild um túngarð

KE: “Umhverfis túnið er garður frá tíð Gísla, en leifar sjást af öðrum eldri og þrengri.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 56

**SM-232:038** heimild um túngarð

KE: “Umhverfis túnið er garður frá tíð Gísla, en leifar sjást af öðrum eldri og þrengri.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 56

**SM-232:039** heimild um leið

“Frá sumarfjósínu [016] voru kýr reknar vestur á ey, og var þess vegna hlaðinn upp vegur eða kúgarður austur með Beruhól og síðan þvert vestur á leiðinni gegnum sunðið milli Hellisbjargs og Brunabjargs.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 53

**SM-232:040** heimild

“Ásgrímshóll heitir hár grasigróinn klettahóll norðaustan við bæinn, og sunnan og vestan við hann voru rústir, ef til vill af hjáleigu ...”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 58

**SM-232:041** heimild um naust

“Í Selavogi [033] er kringlótt tóft [025] ... Þar eru einnig bátanaust, rúst af geymsluhúsi og gamalt bátaspil.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 58

**SM-232:042** heimild um naust

“Í Selavogi [033] er kringlótt tóft [025] ... Þar eru einnig bátanaust, rúst af geymsluhúsi og gamalt bátaspil.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 58

**SM-232:043** heimild um sjóbúið

“Í Selavogi [033] er kringlótt tóft [025] ... Þar eru einnig bátanaust, rúst af geymsluhúsi og gamalt bátaspil.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 58

**SM-232:044** tóft

“Upp af Árnanefti er dálítið hæð og á henni stæðilegar tóftir.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 58

**SM-232:045** *Hjallatangi* örnefni hjallur

“Sunnan Selvogs er Hjallatangi.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 58

**SM-232:046** *Ormsbæli* þjóðsaga

“Nokkru vestar er allhár hóll, sem gengur í sjó fram á tvo vegu og heitir krosshóll. Austan í krosshól, niður við sjó, er smáhvilft í klettinn og heitir Ormsbæli.”

“Um orminn eða drekan á þessum stað hafa menn annars fyrrum haft þá hugmynd, að hann hafi legið á þessu gulli í Ormabælinu, þangað til Hollendingur nokkur, Kumper að nafni, tók til að skjóta á hann með fallbyssum til þess að ná í fjársjóðinn, og við það neyddist ormurinn til að flýja, fyrst til Ormaskers, síðan inn í Hamarsfjörð,

þar sem tali-ð er að hann hafi sest að fyrir fullt og allt ...”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 60

**SM-232:047** heimild

“Annar mikill garður, og miklu fornlegri en sá sem áður er lýst, hefur eitt sinn legið um eyna þvera og skiptir henni rækilega í tvo ekki mjög misstóra parta. Garður þessi lætur nú orðið harla lítið á sér bera og mundi ókunnugum vel geta sést yfir hann.”

“Ef rakið er austan frá, hest garðurinn á þverhníptum klettagranda sem gengur fram í fjöruna í Höfðavík rétt austan við Höfðamöl. Fyrst í stað er hann mjög skýr sem ávalur, söðulbakaður hryggur, enda er hart undir, en fljótlega tekur við blaut mýri og þar sekkur hann alveg og sést ekki fyrr en yfir hana er komið, en þar verður hann aftur mjög skýr og auðséð hvernig hann tekur höndum saman við klettarið nyrst á hól, ... Fljótlega sleppir svo þessum kletti og tekur þá garðurinn stefnu gegnum sunðið milli “Gæshóls” og Langahryggs, síðan í skarðið milli Æðarhólanna tveggja, en síðan í beinni línu eftir endilangri mýrinni fyrir norðan túnið og sveigir að lokum niður í Selvog, rétt fyrir utan klöppina, sem stærri bátar leggja nú að, þegar þeir eiga erindi til Papeyjar.” Garðurinn gæti hafa verið landamerkjagarður, tæpur kílómetri að lengd, allur hlaðinn úr torfhnausum. Þverskurður af garðinum sýndi að hann er eldri en frá 1362. Sennilega verið gerður ekki seinna en á 10. öld.

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 96-98

**SM-232:048** varða

“Sunnarlega á því [Hellisbjargi] stendur viti, en áður var þar fjögurra álna há varða, segir Löwenörn, notuð sem sjómerki.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 63

**SM-232:049** þjóðsaga huldufólksbústaður

“Frá túninu upp að Hellisbjargi fer smáhækkandi. Miðja vega er alllöng brekka sett smáklettum og heita þar Litluklettur. Við austurenda brekkunnar er allhár, kringlóttur hóll með hárrí þúfu á kollinum. Heitir hann Einbúi. Þar var talin kirkja huldufólks.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 63

**SM-232:050** heimild um vörslugarð

Vörslugarður sem byrjar austan við Daníelsvík í Áttahringsvogi, verður í Háubjörg, Brunabjarg og Hellisbjarg alla leið í Árhöfn. Bæði hlaðinn úr torfi og grjóti. Varði æðarvarpið á vesturenda eyjarinnar fyrir ágangi búfjár.

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 96

**SM-232:051** heimild um vörslugarð

“Úr þessum þvergarði [050] lá sérstakur þvergarður niður í Selavog og girti hann af tangann milli hans og Árhafnar. Var það kölluð “girðing” og þar var eini hestur eyjarinnar löngum hafður.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 96

**SM-232:052** heimild um rétt

“Þar [við 051] eru ekki önnur gömul mannvirki en grjótrétt sú sem er sunnan undir Kastala, og nefnd áður.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 96

**SM-232:053** Mókofar tóft

“Mitt á milli hákarlavoga er Mókofahóll. Þar eru mókofar.” Mókofarnir eru færri en mótættarnar. Ágætt dæmi er mókofatóft hjá Móakofahóll inn á (vestur9 á ey.”

“Hún er 4 m á lengd innan veggja og 2,5 m breið, veggir í venjulegri húsveggjahæð, hlaðnir úr grjóti að innan en hnausum að utan. Kofi þessi var notaður í tíð Gústafs bónda Gíslasonar.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 61, 106

**SM-232:054** tóft

“Við Garnasund und eru tvær mótættur, sem eru 10 og 13 m langar. Flestar eru þó styttri og má taka sem dæmi mótóft við Mýrarsund (rétt hjá forna gerðinu frá Goðatættum). Hún er aðeins 6 m löng.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 106

**SM-232:055** tóft

“Við Garnasund und eru tvær mótættur, sem eru 10 og 13 m langar. Flestar eru þó styttri og má taka sem dæmi mótóft við Mýrarsund (rétt hjá forna gerðinu frá Goðatættum). Hún er aðeins 6 m löng.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 106

**SM-232:056** tóft

“Við Garnasund und eru tvær mótættur, sem eru 10 og 13 m langar. Flestar eru þó styttri og má taka sem dæmi mótóft við Mýrarsund (rétt hjá forna gerðinu frá Goðatættum). Hún er aðeins 6 m löng.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 106

**SM-232:057** tóft

“Annar svipaður [054] en stærri mókofi er rétt fyrir neðan túnið og því skammt frá bæ. Veggir beggja þessara mókofa standa enn vel, enda munu þeir áreiðanlega báðir vera frá tíð Gísla Þorvarðsonar.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 106

**SM-232:058** tóft

“Fróðlegt er að sjá að til hliðar við Mókofann hjá Mókofahól, sjávarmegin við hann og hallandi í átt til sjávar, er gamalgróin og útfloft mótóft, um 8 m að lengd og 4 m að breidd.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 106-107

**SM-232:059** tóft fjárskýli

“Krosshóll er hár hóll austan við Átthringvog, vel gróinn og grösugur. Ágæt sauðaborg og fjárborg er sunnan í honum, og mun hún vera allgömul, því að víst er, að hún er eldri en frá tíð Gísla Þorvarðsonar. Hann hressti hana þó eitthvað við og telur Gústaf, að hann hafi jafnvel gert þak yfir einhvern part af henni.”

“Borgin er hlaðin úr grjóti upp úr að innanverðu og er allt það grjót borið upp úr fjörunni. Að utan virðist hún hinsvegar hafa verið mikið hlaðin úr hnausnum, auk þess sem hún er að nokkru leyti grafin inn í hólinn. Nokkuð er nú (1981) farið að hrynja úr veggjum, einkum innst, þar sem borgin er grafin inn í hólinn í nokkurn veginn fullri vegg hæð. Veggirnir eru um 1,70 m á hæð þar sem þeir eru hæstir og 2,40 m þykkir. Borgin má heita kringlótt, um 5,2 m að þvermáli að innanmáli, en dálítill beinn veggstúfur gengur frá dyrum örðu megin.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 108

**SM-232:060** bæjarstæði býli

Sunnan undir Krosshól og skammt frá sauðaborginni [059] eru grónar tóftir ...”

“Þetta eru a.m.k. tvær e.t.v. þrjár tóftir sambyggðar og virðist svo sem þarna hafi verið dálítill bær. Þær fremri snúa dyrum til suðurs og er lengd þeirra til samans um 11 m að utanmáli. Aðaltóftin liggur samsíða brekkunni sem rústirnar liggja upp í og er 5,5 m löng og 2 m breið innan veggja. Austan við hana er minni tóft, sem snýr hornrétt á hana, upp í brekkuna, 3,5 m á lengd og 2,5 m breið innan veggja. Ekki er sýnilegt að innangengt hafi verið milli þessara tófta. Í beinu framhaldi af vesturgafli stærri tóftarinnar gengur veggur, einir 4 m á lengd upp í brekkuna, og virðist vera partur af girðingu eða rétt ofan við tóftirnar, en heldur er þetta óglögt.” Tóftin er yngri en 1362, eldhússkúlag í báðum húsunum. Húsið vart eldra en frá 17. öld.

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 109-111

**SM-232:061** tóft

“Sölvaeiði eða Sölvaeiði er kletthólmi allhár milli heimaeyjarinnar og Höfðans. Á því er mikil græn grastorfa efst og verpir þar mikið af lunda, svo að allt er þar krökkt af honum. Gústaf vísaði á að einhver bygging hefur verið á Sölvaeiði og sjást hleðslusteinar koma fram í þeirri brún sem að landi snýr, og hefur sjór brotið þar.”

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 111

**SM-232:062** tóft

Við Áttahringvog [030], sem er annar lendingarstaður eyjarinnar, á austurströnd hennar, eru tóftir tveggja lítilla húsa, sem staðið hafa sitt hvoru megin við lendingu innst í voginum, þó ekki alveg við hana.

“Í ljós kom, að þarna hafði staðið lítið hús, um 3,5 m að lengd að innanmáli, nokkurn veginn frá austri til vesturs og um 2 m að breidd. Veggjaþykkt hefur verið um 1 m að veggir mest úr torfi en þó steinar neðst. Dyr hafa verið á suðurhlíð austarlega.” Húsið stóð ekki sem opin tóft 1362 og ekki ljóst hvenær það var notið. Sennilega verið einhverskonar mannabústaður.

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 158-161

**SM-232:063** tóft

Mínjarnar andspænis 062, fjær lendingunni og á talsvert hærri stað.

Dyr voru í miðju húsinu, fáeinar hellur í gólfi. Húsið aflangt og mjótt, 5,25 m að lengd, og 1,75 m að breidd. Í báðum endur hússins eru upphækkanir eða bjálkar, um 10 cm hærri en gólfíð. Margt bendir til þess að þetta hús hafi verið notað til verkunar á sjófangi.

**Heimildir:**KE: “Papey” Árbók 1988, 161-164

## SM-233 Búlandsnes

12 hdr 1696. 6 hdr 1847, fátækraeign hreppsins. Bænhús á jörðinni. 1397: Jörðin nefnd í fornbréfi. (DI IV 230-231)

Búlandsneshjáleiga nefnd 1760. Borgargarður og Bjargarrétt hjáleigur í byggð 1847. Önnur forn afbýli Ásmundarhús, Halldórshjáleigu, Merki, Eyfreyjunes, Gunnukofi og Hrísey. Ekki talin upp hér öll afbýlin sem tilheyrði kaupstaðnum. Fyrst var verslað í Fúlúvík þar sem Brimarar sáu um verslunina en síðar hófu Hamborgarkaupmenn verslunarrekstur við Djúpavog og urðu deilur á milli þeirra. Verslunarstaðurinn Djúpivogur byggður í landi jarðarinnar. Í eyði frá 1944. Nýbýli Askur 1964 og Framnes 1936.

Þingörnefni á jörðinni.

1840: "... stórt tún og nokkrar útslægjur, ekki einasta á fastalandinu heldur og í eyjum. Heyskapur fæst þar því nokkur. Útigangur er þar og hinn besti, bæði á landi og í eyjum, jörðin er ei heldur áföllum undirlögð og hefur lítið af sér gengið." SSM, 557. 1919: Tún 3,24ha, garðar 587m<sup>2</sup>. "B. var góð bújörð, einkum þó vegna hlunninda sem áður segir, gamla túnið allstórt og "vellagað til útgræðslu", ... en engjar þýfðar og reytingssamar, mýrar og vallendisbrekkur. Beítiland þótti gott til vetrarþéttar en sumarþétt lakari." SJM III, 426-427

**SM-233:001** *Búlandsnes* bæjarhóll bústaður

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-233:002** heimild um bænhús

BÚLANDSNES (SM) (HÁLSÞING) BÆNHÚS

1397: [tíl Háls] liggur vnder Bænhvs a Bulandsnesi oc Hamar ad allri skylldu. takast vj aurar af bænhvsumm;

Máld DI IV 230 231 [Háls]

Bænhúsið stóð enn um 1791.

**Heimildir:**DI; Ingimundur Sveinsson: Siglt og róíð, 143

**SM-233:003** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-233:004** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-233:005** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-233:006** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-233:007** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-233:008** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-233:009** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-233:010** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-233:011** heimild um útihús

**Heimildir:**Túnakort 1919

**SM-233:012** *Búlandsneshjáleiga* bæjarstæði býli

Nefnd 1760, gæti verið sama og SM-234 eða SM-235

**Heimildir:**JJ, 379nm

**SM-233:013** *Ásmundarhús* bæjarstæði býli

"... Ásmundarhús sem farið hafi í eyði vegna lítilla landsnytja og aflabrests, ennfremur Halldórshjáleigu í eyði

1757, og Hrísey, sem Eiríkur Sigurðarson segir hafa verið byggð 1871-1885.” Segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi.

**Heimildir:**SJM III, 425

**SM-233:014** *Halldórshjáleiga* bæjarstæði býli

“... Ásmundarhús sem farið hafi í eyði vegna lítilla landsnytja og aflabrests, ennfremur Halldórshjáleigu í eyði 1757, og Hrísey, sem Eiríkur Sigurðarson segir hafa verið byggð 1871-1885.” Segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi.

**Heimildir:**SJM III, 425

**SM-233:015** *Hrísey* bæjarstæði býli

“... Ásmundarhús sem farið hafi í eyði vegna lítilla landsnytja og aflabrests, ennfremur Halldórshjáleigu í eyði 1757, og Hrísey, sem Eiríkur Sigurðarson segir hafa verið byggð 1871-1885.” Segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. “Frá Úlfsey að Hrísey er Úlfseyjarsandur. Hrísey er til suður milli Fýluvogs og Breiðavogs, en hörganes er milli Breiðavogs og Úlfseyjarsands. Í Hrísey var byggð fyrir all löngu og þar mun Steingrímur Jakobsson fæddur ...”

**Heimildir:**SJM III, 425; Ingimar Sveinsson: Djúpvogur, 200

**SM-233:016** *Merki* bæjarstæði býli

“Eitt af býlið enn er á sunnanverðu nesinu inn við mörk og heitir Merki. Byggt fram til 1961.” Segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi.

**Heimildir:**SJM III, 425

**SM-233:017** *Eyfrejunes* bæjarstæði býli

Þar sem Framnes er var Eyfrejune segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi. “Innan við Skollagrímsskletta er Móbakki, Skútakambur og Langikambur. Eyfrejunesklettur frá Háls sum niður undir Eyfrejunestanga, fram af tanganum er Eyfrejunessker og innan undir tanganum tvö smásker, Hnísa og Selur. Skútavík og Eyfrejuneskrókur; þar var lending. Ofan vegar eru Eyfrejunestættur og Hjallsklettur.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**SJM III, 425; Ö-Búlandsnes, 5

**SM-233:018** heimild um lendingu “Innan við Skollagrímsskletta er Móbakki, Skútakambur og Langikambur. Eyfrejunesklettur frá Háls sum niður undir Eyfrejunestanga, fram af tanganum er Eyfrejunessker og innan undir tanganum tvö smásker, Hnísa og Selur. Skútavík og Eyfrejuneskrókur; þar var lending. Ofan vegar eru Eyfrejunestættur og Hjallsklettur.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 5

**SM-233:019** *Hjallsklettur* örnefni hjallur “Innan við Skollagrímsskletta er Móbakki, Skútakambur og Langikambur. Eyfrejunesklettur frá Háls sum niður undir Eyfrejunestanga, fram af tanganum er Eyfrejunessker og innan undir tanganum tvö smásker, Hnísa og Selur. Skútavík og Eyfrejuneskrókur; þar var lending. Ofan vegar eru Eyfrejunestættur og Hjallsklettur.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 5

**SM-233:020** varða landamerki

“Landamörk norðan Búlandsneshálsa og um Hálsana millum Teigarhorns eru: Svokölluð Hálsamót og Hálsamótalækur frá uppsprettu norðan í Hálsamótum og beina leið til sjávar eftir hlöðnum landamerkjavörðum.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 1

**SM-233:021** *Húshraunsmýri* örnefni

Landamörk við Háls eða Kambshjáleigu: Úr Kolþúfu um Húshraunsmýri, Húshraun, Stigahraun um Merkistein í Votaberg um Háhlíðar í vörðu á Hálsabrún, þaðan í vörðu við Hálsamótalæk; nú heitir hann Kápugilslækur, um Kápugil og eftir vörðum um Prófastsgötumel í sjó í Eyfrejunesvík. (Frá vörðu á Hálsabrún í sjó eru landamörk við Teigarhorn.)

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 2

**SM-233:022** varða landamerki

Landamörk við Háls eða Kambshjáleigu: Úr Kolþúfu um Húshraunsmýri, Húshraun, Stigahraun um Merkistein í Votaberg um Háhlíðar í vörðu á Hálsabrún, þaðan í vörðu við Hálsamótalæk; nú heitir hann Kápugilslækur, um Kápugil og eftir vörðum um Prófastsgötumel í sjó í Eyfrejunesvík. (Frá vörðu á Hálsabrún í sjó eru landamörk við Teigarhorn.)



**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 2

**SM-233:023** varða landamerki

Landamörk við Háls eða Kambshjáleigu: Úr Kolþúfu um Húshraunsmýri, Húshraun, Stigahraun um Merkistein í Votaberg um Háhlíðar í vörðu á Hálsabrún, þaðan í vörðu við Hálsamótalæk; nú heitir hann Kápugilslækur), um Kápugil og eftir vörðum um Prófastsgötumel í sjó í Eyfreyjunesvík. (Frá vörðu á Hálsabrún í sjó eru landamörk við Teigarhorn.)

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 2

**SM-233:024** varða landamerki

Landamörk við Háls eða Kambshjáleigu: Úr Kolþúfu um Húshraunsmýri, Húshraun, Stigahraun um Merkistein í Votaberg um Háhlíðar í vörðu á Hálsabrún, þaðan í vörðu við Hálsamótalæk; nú heitir hann Kápugilslækur), um Kápugil og eftir vörðum um Prófastsgötumel í sjó í Eyfreyjunesvík. (Frá vörðu á Hálsabrún í sjó eru landamörk við Teigarhorn.)

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 2

**SM-233:025** *Prófastsgötu* heimild um leið

Landamörk við Háls eða Kambshjáleigu: Úr Kolþúfu um Húshraunsmýri, Húshraun, Stigahraun um Merkistein í Votaberg um Háhlíðar í vörðu á Hálsabrún, þaðan í vörðu við Hálsamótalæk; nú heitir hann Kápugilslækur), um Kápugil og eftir vörðum um Prófastsgötumel í sjó í Eyfreyjunesvík. (Frá vörðu á Hálsabrún í sjó eru landamörk við Teigarhorn.) “Landamerki Teigarhorns og Búlandsness eru á melunum milli Eyfreyjuneslækjar og Prófastsgötu, en hún er rétt utan við Teigarhornsbæ.”

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 2; Ingimar Sveinsson: Djúpvogur, 201

**SM-233:026** heimild um rétt

“Milli hárra hamra er fjárrétt í Bjargarétt. Innan við Stóra-Setberg er Gálgaklettur (er á teikningu eftir Mayer). Brekkurnar sunnan undir Ytrihálsunum eru kallaðar Búlandsnesbrekkur.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 2

**SM-233:027** *Gálgaklettur* örnefni aftökustaður

“Milli hárra hamra er fjárrétt í Bjargarétt. Innan við Stóra-Setberg er Gálgaklettur (er á teikningu eftir Mayer). Brekkurnar sunnan undir Ytrihálsunum eru kallaðar Búlandsnesbrekkur.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 2

**SM-233:028** *Mensaldurstótt* heimild

“Í Grænhraunum er gömul mótótt, kölluð Mensaldurstótt.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 2

**SM-233:029** *Þingbrekka* örnefni þingstaður

“Við austanverðan Breiðavog er Þingbrekka.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 2

**SM-233:030** *Úlfsey* heimild um verbúð

“ Milli Lynghólma og Úlfseyjar er Kríuhólmi og sunnar Úlfseyjarhólmi og innar Úlfseyjarstapi. Úlfsey var verstöð; þar var góð Höfn og tuttugu skipa uppsátur og tekin 4 mk. undir hvert (fasteignamat frá 1804); þar eru margar hjallatættur.”

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 2

**SM-233:031** hellir

“Á innanverðri Hvaley voru Lundabakkar. Utan við Tjörnina er Tjarnarmöl. Syðst í klettunum upp af Lundabrekku er Hellir, rúmgóður og hátt til lofts með dyraumbúnaði, var ágætur bústaður, og skammt frá var svolítill lækjarsytra.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 2

**SM-233:032** heimild um sel

“Utan við mölina er Básinn, fé flæddi oft í Básnum. Sunnan við Fálka-Jónsvík er Selhjalli; þar eru tættur.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 3

**SM-233:033** heimild

“Útan við mölina er Básinn, fé flæddi oft í Básnum. Sunnan við Fálka-Jónsvík er Selhjalli; þar eru tættur. Í Fálka-Jónshólma geymdi Jón fálkafangari ungana.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 3

**SM-233:034** *Íshústjörn* örnefni  
“Við Hjaltalínsvík er Engelskatjörn eða Íshústjörn. Austan í Mönnutanga er Mönnuskot. Sunnan við Fagrahól eru leiðarmerki vörður, sem vísa leið um Ribbusund.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 3

**SM-233:035** varða samgöngubót  
“Sunnan við Fagrahól eru leiðarmerki vörður, sem vísa leið um Ribbusund.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 3

**SM-233:036** *Brunnhúsklettur* örnefni vatnsból  
“Suður af Brunnhúskletti er Hótelshæð og suðvestur frá hæðinni klettaraní allangur og heitir eftir húsum, sem meðfram honum voru, Hlíðarendaklettur,, Hlíðarhúsklettur; milli þeirra er Mensaldurssund og Hlíðarhúshali eins og jökulsorfinn, sléttur og gróðurlaus, gott að þurrka fisk á honum.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 3-4

**SM-233:037** *Hlíðarhús* bæjarstæði býli  
“Suður af Brunnhúskletti er Hótelshæð og suðvestur frá hæðinni klettaraní allangur og heitir eftir húsum, sem meðfram honum voru, Hlíðarendaklettur,, Hlíðarhúsklettur; milli þeirra er Mensaldurssund og Hlíðarhúshali eins og jökulsorfinn, sléttur og gróðurlaus, gott að þurrka fisk á honum.” segir í örnefnaskrá  
Túnakort til fyrir Hlíðarhús, sennilega sami staðir. Tún 0,76ha, garðar 190m<sup>2</sup>. 5-6 hús á kortinu.  
**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 3-4; Túnakort 1919; Ingimar Sveinsson: Djúpvogur, 55

**SM-233:038** *Höskuldsstaðaklettur* örnefni  
“Upp frá veginum er annar klettaraní, öllu lengri. Brennisklettur, Höskuldsstaðaklettur og syðst Sjólystarklettur.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 4

**SM-233:039** *Lögbergsklettur* örnefni  
“Suður frá Gleðivíkurtanga er enn einn klettabákurinn, Brekkuklettur, Lögbergsklettur, upp af honum Háiklettur, Hvíldarklettur við Kaupstaðarklif; í klifinu var gerð sniðgata, þegar bílar komu, var kölluð Ástabraut” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 4

**SM-233:040** *Kallagarður* heimild um kálgarð  
“Sunnan undir Vatnshraunum átti Karl Steingrímsson kartöflugarð, kallaður Kallagarður. Í blánni út af Vatnshraunum er lítill klettur, Litlahraun” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 4

**SM-233:041** *Stekkahlíð* örnefni stekkur  
“Útan og sunnan undir Stekkaklettum er Stekkahlíð. Þessi síðast taldi klettabákur hét fyrir Stekkaklettur.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 4

**SM-233:042** *Borgargerðiskambur* örnefni  
“Þá er Haraldarskarð, Bríkur, Miðmorgunspúfa, Borgargerðiskambur og Borgarkambur.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 4

**SM-233:043** heimild um kvíar  
“... Innan við bæinn upp að Stöðlinum í Bjargarétt (þar voru kvíar fram til 1926).”  
**Heimildir:**Ingimar Sveinsson: Djúpvogur, 194

**SM-233:044** *Borgargarðsrétt* örnefni rétt  
“Útan við Borg var Borgarmýri og ofar Aurtjörn. Innan undir Miðmorgunspúfu er Borgargarðsrétt.” segir í örnefnaskrá  
**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 4

**SM-233:045** *Erlendarvör* örnefni lending

“Innan við Jónstanga er Erlendarvör og Erlendartangi og þar upp af Langalág, ofar er Borgargarðsklettur, utan undir klettinum var Stöðull, seinna var þar Nátthagi fyrir sláturfé.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 4

**SM-233:046** *Stöðull* örnefni kvíar

“Innan við Jónstanga er Erlendarvör og Erlendartangi og þar upp af Langalág, ofar er Borgargarðsklettur, utan undir klettinum var Stöðull, seinna var þar Nátthagi fyrir sláturfé.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 4

**SM-233:047** *Bensagarð* örnefni kálgarður

“Efst í Borgargarðsskotum átti Björgvin Björnsson kartöflugarð, Bensagarð, þar hjá er Klessuklif.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 4

**SM-233:048** *Æðarsteinsrétt* heimild um rétt

“Upp af Þríhyrningstjörn utan við Réttarklett er Gildruklettur (tófugildra, krókgildra). Í Réttarkletti er Æðarsteinsrétt.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 4

**SM-233:049** heimild um refagildru

“Upp af Þríhyrningstjörn utan við Réttarklett er Gildruklettur (tófugildra, krókgildra). Í Réttarkletti er Æðarsteinsrétt.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 4

**SM-233:050** *Ræktunarfélagsgarður* heimild um kálgarð

“Innan við Borgargarðsskot er Siggahæð. Sunnan undir Rakkabergi Ræktunarfélagsgarður, nú niðurlagður.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 5

**SM-233:051** *Gunnukofi* bæjarstæði býli

Þar sem Askur er nú var áður Gunnukofi segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi.

**Heimildir:**SJM III, 425

**SM-233:052** *Bóndavarða* varða samgöngubót

“Rétt utan við þorpið er Bóndavarða á kletti, gamalt innsiglingamerki.” Segir í Sveitum og jörðum í Múlaþingi.

**Heimildir:**SJM III, 426

**SM-233:053** heimild um refagildru

“Austur af Bæjarhjalla er Djúpadokk, innan við er Gildruhryggur (tófugildra, krókgildra).” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 5

**SM-233:054** *Baðstofufjara* örnefni

“Sandey. Innanvert á Sandey er dálítill vík; þar er Baðstofufjara.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 6

**SM-233:055** heimild um leið

“Gönguleið upp á Brennickett frá Bjargi var um Gjótuna.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 6

**SM-233:056** *Hestagata* heimild um leið

“Suður frá Gleðivíkurtanga er enn einn klettabálgurinn, Brekkuklettur, Lögbergsklettur, upp af honum Háiklettur, Hvíldarklettur við Kaupstaðarklif; í klifinu var gerð sniðgata, þegar bílar komu, var kölluð Ástabraut ...Ástarbraut hét líka Hestagata“ segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes, 4, 6

**SM-233:057** *Fýluvogur* heimild

“Fýluvogur er nú lítið stöðuvatn, þar var áður verslunarstaður og skipgengt.”

“Fýluvogur varð síðar aðalhöfn við Berufjörð þegar menn hættu að sigla inn til Gautavíkur. Það er skjalfest að kaupmenn frá Brimum (Bremen í Þýskalandi) byrjuðu að versla í Fýluvík um 1500. Eins og mörgum er kunnugt

fengu Hamborgamenn leyfi til að versla á Djúpavogi 20. júní 1589. Þá kom fljótlega til árekstra af versluninni við Berufjörð. Urðu í framhaldi af þeim árekstrum málaferli og vitnaleiðslur. Ketill Sveinsson frá Sléttu í Reyðarfirði vottar við yfirheyrslur 19. ágúst að Brimarar hafi verslað í Fúlúvík í nær 80 ár “hvar að stendur þeirra gömlu búð og þeirra forfeðra.”

**Heimildir:**Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 200; Ingimar Sveinsson: Siglt og róid, 9-10

**SM-233:058** *Brandsleifarhellir* þjóðsaga

“Þjóðsaga segir frá systurum tveim, einsetukonum eða völvum, hétu Brandsleif og Eyfreyja. Brandsleif bjó í Brandsleifarhelli og Eyfreyja í Eyfreyjunesi, varla meira en 300 metrar þar í milli.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes viðb, 1

**SM-233:059** *Eyfreyjunes* þjóðsaga

“Þjóðsaga segir frá systurum tveim, einsetukonum eða völvum, hétu Brandsleif og Eyfreyja. Brandsleif bjó í Brandsleifarhelli og Eyfreyja í Eyfreyjunesi, varla meira en 300 metrar þar í milli.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Búlandsnes viðb, 1

**SM-233:060** *Úlfshaugur* þjóðsaga legstaður

“Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er sagt frá 'Úlfsey í Búlandseyjum ... Á þeirri ey er formanns haugur, sem líklega hefur heitir Úlfur. Enginn maður má þar svo fæti á land stíga, að hann syngi ekki eitt vers við hauginn, gjöri þar bæn sína eða leggi stein í hauginn.”

FF: “Þrír Bræðr í Heidni skyldu hafa verid haúglagdir í fylgiandi Stöðum, hvadan hvör mætti sjá til annars: Úlfur í Úlfsey Eskill í Eskillsey og Hrómundur í Hrómundsey - Rudera af þessum Gröfum eru lítt síanleg, enn allir þrír stadir síast glögt rá öðrum.”

“Úlfur Eskill og Hrómundur, hétu bærdur þrír, er uppi voru á landnáms eða söguöld. Þeir völdu sér bústað í eyjum úti fyrir Hamarsfirði og Álftafirði eystra, og eru eyjarnar síðan við þá kenndar. Sagt er, að þeir séu heygðir hver í sinni ey, og til skamms tíma hafa menn þótzt vita, hvar haugar þeirra væru. ... Úlfsey liggur nyrzt í eyjaklasa þeim, sem er úti fyrir Búlandstanga, áður fyrr var fremur mjótt sund milli hennar og meginlands, og var róid þar í gegn bátum ... en smátt og smátt grynntist sund þetta og litlu eftir 1880 fylltist það af sandi. Ekki er vitað hvar haugur Úlfs er í eyinni.”

**Heimildir:**FF, 72; Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 20-21

**SM-233:061** gripir

“Á suðvesturhorni Úlfseyjar er lítill hóll eða þúfa. Þar var grafin hola rétt eftir 1970, um það leyti sem dr. Kristján Eldjárn var við rannsóknir í Papey. Í þessi holu var komið niður á fornt öskulag og gamalt steinbrýni fannst.”

**Heimildir:**Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 20-21

**SM-233:062** *Grashús* bæjarstæði bústaður

Nefnt í manntali 1845

**Heimildir:**Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 54

**SM-233:063** *Stekkur* bæjarstæði bústaður

Nefnt í manntali 1845

**Heimildir:**Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 54

**SM-233:064** *Borgargarðsstekkur* bæjarstæði bústaður

Nefnt í manntali 1855

**Heimildir:**Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 55

**SM-233:065** *Djúpavogsstekkur* bæjarstæði bústaður

Nefnt í manntali 1855

**Heimildir:**Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 55

**SM-233:066** *Skallanaust* örnefni naust

“Skallanaust við sjó milli Hríseyjarsands og Jakobsvogs.”

**Heimildir:**Ingimar Sveinsson: Djúpivogur, 200

**SM-233:067** *Kaupstaðastekkur* bæjarstæði býli

“Algengasta hestaleiðin í Víðidal er inn Múladal og upp Háás norðan við Hnútvatn, yfir Þverá og niður Langahrygg.” segir í örnefnaskrá

**Heimildir:**Ö-Múli, 7

**SM-701:005** heimild um leið

“Alfaraleið hefur um ómunatíð legnið um Lónsheiði og gestagangur fylgt, ekki síst meðan Skaftfellingar allir austan Skeiðarár sóttu verslun til Djúpavogs.” Segir í Sveitum og jörðum í Múlapingi.

Ruddur bílvegur 1935-6. “Menn sem unnu við vegagerð á Lónsheiði um miðja okkar öld hafa sagt mér að þarna kynnu að hafa verið hlaðnar vörður, en lítið sá maður af þeim þau ár sem bílvegurinn lá þarna yfir og elri menn í Álftafirði telja sig ekki muna eftir þeim.”

**Heimildir:**SJM III, 474; Ingimar Sveinsson: Siglt og róid, 128

**SM-701:006** heimild um leið

“Um þær [Þvottáskriður] og Hvalnesskriður á Krossanesi er stytta leiðin suður í Lón, en ill er sí leið og torsótt, og ekki er hún farin öðruvísi en fótgangandi.”

**Heimildir:**ÍF 1955, 19

**SM-701:007** heimild um leið

“Um dalverpi þetta [dalverpi yfir Hálsana]þetta lá leið yfir að Teigarhorni við Berufjörð.”

**Heimildir:**Ingimar Sveinsson: Djúpivogur,194

**SM-701:008** heimild um leið

Leið yfir Melrakkanesfjall: “Ef komið var að sunnan var oft farið innan við Stekká, upp á Stekkahjallann, upp svo kallað Göngugrjót og yfir fjallið. Þaðan inn á Arabólshjalla og komið niður skammt utan við bragðavelli. Stundum var Neðrafjallið farið og niður Þakeyri utan við Bragðavallahóla.”

**Heimildir:**Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 129

**SM-701:009** heimild um leið

“Líka var hægt að fara sniðgöturarnar upp af Melrannanesbæjunum og hvort sem var upp á Neðrafjall eða efrarfjall, en menn ætluðu lengra austur og hittu á góða fjöru fóru menn gjarnar eftir Leirunni í Hamarsfjarðarbotni. Slóðir lágu yfir Melrannanesfjall en lítið mun hafa verið um vörður.”

**Heimildir:**Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 129

**SM-701:010** heimild um leið

“Fjölfarnar leiðir lágu yfir Hálsa. Var oftast farið upp Hringbrekkur inn við Háls og noður með Hálsfjalinu neðan við svokallaðan Brattamel. Þar var götuslóðu og mótaði fyrir hleðslu í götukanti. ... Þessi gata lá síðan niður með Búlandsá og inn með Berufirði.”

**Heimildir:**Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 130

**SM-701:011** heimild um leið

“Annar vegarslóði lá upp frá Hálsi og Strýtu dálítið utar eftir svokallaðri Nautalág. Var sú leið oft farin milli Hálsþorps og Teigarhorns, en síður ef ferðafólk ætlaði inn með Berufirði.”

**Heimildir:**Ingimar Sveinsson: Siglt og róið, 130

## **SM-702 Óstaðsetjanlegar minjar í Geithellnahreppi**

**SM-702:001** gripir

1868: “HNÍFSBLAÐ einægjað, með koparöxlum að ofan of tanga, hefir verið vandað, fannst 1865 í moldbakka við lækjarfarveg; þegar það fannst, var á því sívalt skapt, fútið, og sást á því lítill vottur af ryðguðum járnhólk að framan.”

**Heimildir:**Skýrsla FÍ II, 81

**SM-702:002** *Vellir* bærjarstaði býli

Túnakort 1919,2-3 hús?

**Heimildir:**Túnakort 1919

#### 4. Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra

Alls hafa verið skráðar 1447 fornleifar á 48 jörðum, sem gerir ríflega 30 minjastaði á jörð að meðaltali. Við skráningu minja er notast við tvenns konar flokkun. Í fyrsta lagi er flokkað eftir eðli fornleifanna, en með því er reynt að greina á milli hvort á staðnum sé mannvirki, hvort aðeins er vísbending um að mannvirki sé eða hafi verið þar, hvort um er að ræða stað sem tengist þjóðsögum eða markverðum atburðum eða náttúruminjar, sem hafa menningarsögulegt gildi. Innan hvers flokks er síðan reynt að greina frekar eftir gerð. Flokkun af þessu tagi kemur ekki nema að takmörkuðu gagni við svæðisskráningu, vegna þess að þær heimildir sem stuðst er við eru yfirleitt ekki svo nákvæmar að hægt sé að sjá hvort mannvirki er enn á þeim stað sem lýst er, eða hvort mannvirki hefur nokkurn tíma verið á minjastaðnum. Þessi flokkun kemur því fyrst verulega að gagni eftir að farið er á vettvang. Tegundir fornleifa á skráningarsvæðinu eru skráðar hér að neðan.

álagablettir	1	hellar	11
áletrun	1	hleðslur	4
brunnar	5	hús	10
bæjarhólar	44	sögustaðir	2
bæjarstaði	132	þjóðsögur	32
dysjar	2	tóftir	31
garðlag	5	vörður	41
gripir	3	vegir	2
heimild	897	örnefni	224

Víða var hægt að greina hlutverk þeirra staða sem skráðir voru og eru þau sýnd í eftirfarandi töflu.

<b>Búsetuminjar</b>		<b>Aðrar minjar</b>	
bústaðir	50	landamerki	24
býli	131	refagildrur	12
býli/sel	3		
<b>Minjar um jarðrækt</b>		<b>Aðrar búsetuminjar</b>	
áveitur	9	brunnar	4
kálgarður	16	þvottastaðir	4
akur	1	vatnsból	7
<b>Búnaðaminjar innan túns</b>		<b>Útgerðarminjar</b>	
útihús (ótilgreind)	288	hjallar	10
fjárhús	57	herslubyrgi	3
lambhús	6	naust	18
hesthús	20	sjóbúðir	5
fjós	12	verbúðir	6
túngarðar	11	lendingar	24
skemmur	2	uppsátur	10
hlaða	5		
heystæði	1	<b>Samgönguminjar</b>	
hrútakofi	1	leiðir	90
smiðjur	2	vöð	9
myllur	21	sæluhús	3
geitakofi	2	brýr	7
		tjaldstæði	2
		kláfferjur	2
		samgöngubætur	5
		traðir	3
<b>Búnaðarminjar utan túns</b>		<b>Samkomuminjar</b>	
stekkir	59	þingstaðir	5
sel	35	leikvellir	5
mógrafir	27	aftökustaðir	2
réttir	62	aflraunir	5
kvíar	31		
beitarhús	26	<b>Þjóðsögustaðir</b>	
smalakofar	8	huldufólksbústaðir	8
nátthagar	7	draugar	4
varnargarðar	3	útilegumannabústaðir	2
vörslugarðar	5		
fjárskýli	24		
torfristustaðir	5		
kolagrafir	3		
<b>Kirkjur og legstaðir</b>			
legstaðir	9		
kirkjur	6		
hálfkirkja	1		
bænhús	7		

## Bæjarhólar og bæjarstæði

Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman, jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar og hafa þá myndast bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mestra og fjölbreytilegastra fornminja að vænta. Í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngripi að finna. Bæjarhólar eru því langmikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er, að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steypuhús með djúpum kjöllum verið byggð á þeim og skemmt þá að meira eða minna leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætanlegt sé eða raunhæft að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á þeim, enda skýrt í lögum að ekki megi raska þeim. Mikilverðastir eru þó bæjarhólar, sem ekki hefur verið byggt á eða orðið fyrir raski. Sjaldnast er hægt að komast að því hvort bæjarhólar eru óskemmdir eður ei, nema við vettvangsathugun, en oftast er til upplýsingar um hvort bæjarhús hafi verið flutt og má ganga útfrá því, að þar sem hús hafa ekki verið flutt séu bæjarhólar minna eða meira raskaðir. Á skráningarsvæðinu má ætla að ekki séu margir óhreyfðir bæjarhólar, en þó gætu nokkrir leynst á eyðibýlum.

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst í eyði, eins og sjá má af töflunni sem fylgir byggðasögukaflanum. Frá sjónarmiði fornleifafræðinnar eru staðir af þessu tagi ekki síður mikilvægir en bæjarhólar á lögbýlum, því oft er meira eftir af byggingum í kringum bæjarhólinn, þ.e. útihúsum og gördum. Slíkir staðir hafa einnig meira kynningargildi því á þeim getur verið auðvelt að átta sig á legu og afstöðu bygginga en bæjarhólar eru oftast ekki annað en ólögulegir hólar, margir huldur sjónum af byggingum og uppfyllingum. Mjög margir slíkir staðir eru á skráningarsvæðinu, sérstaklega í dölum upp af höfuðbólunum og mun þar vera mikið fornleifa sem gætu nýst vel til kynningar á sögu svæðisins en það mun skýrast betur við aðalskráningu.

## Útihús

Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru peningshús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og víðast á Íslandi voru útihús dreifð um túnin. Flest slík hús voru fyrir sauðfé, en einnig hefur verið nokkuð af hesthúsum og fjósum en lítið af lambhúsum. Þar sem fjós eru ekki skráð sem sérstakar byggingar hafa þau sennilega verið hluti af bæjarhúsunum eins og meginþorri smiðja og e.t.v. skemma á skráningarsvæðinu. Úr hreppnum er til fjöldi túnakorta og eru útihús merkt inná á þau flest. Kortin eru hinsvegar ógreinileg að því leyti að oft er erfitt að greina á milli útihúsa og garða og gæti því dregið eitthvað úr fjölda útihúsa við aðalskráningu. Ef tekið er mið af heimildum um fjárhús, fjós, hesthús, hrútakofa, lambhús, skemmur, hlöður, útihús og smiðjur og þeim deilt niður á jarðirnar kemur í ljós að meðaltali má ætla að 8 útihús hafi verið á hverri jörð. Til samanburðar má geta þess að það voru milli 4 og 5 útihús á hverri jörð í landbúnaðarhéruðunum Borgarfirði, Eyjafirði og Fnjóskadal og má því áætla að fjöldi útihúsa sé ofmetinn af túnakortum. Greinilegt er þó að fjöldi útihúsa hefur verið á hverjum bæ.

Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi peningshús, en þeim hefur fækkað meira síðan en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri peningshús úr steypu víða verið byggð ofan á eldri útihúsarústum.

Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun þeirrar 20. og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við útihús, þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta. Í hreppnum eru skráðar 5 hlöður.

## Tún, garðar og akrar

Á fyrri hluta 19. aldar voru tún almennt ekki girt á Íslandi og virðist svo hafa verið um allnokkrar aldir. Á 19. öld var rekinn áróður fyrir túngarðshleðslum og um aldamótin síðustu voru komnir garðar í kringum nokkur tún á skráningarsvæðinu. Oft er ekki hægt að greina hvort garðar þessir eru fornir, en líklegast verður að telja að flestir séu þeir frá 19. öld.

Auk eiginlegra tún- og vörslugarða sem gerðir voru til að hlífa túnnum við ágangi kvikfjár voru sumstaðar byggðir sérstakir garðar, til að verja tún og hús fyrir skriðuföllum og flóðum. Á skráningarsvæðinu eru skráðir þrjú varnargarðar.



Á undanförunum árum hafa orðið hraðar framfarir á sviði fornleifavísinda og hafa menn m.a. þróað aðferðir sem byggja á efnagreiningum á jarðvegi og geta með því móti sagt til um ræktun túna og áburðarnotkun til forna. Til þess að hægt sé að beita slíkum aðferðum verða túnin að vera óskemmd af vinnuvélum og helst má tilbúinn áburður ekki hafa verið borin á þau. Slík tún gætu leynst í dölunum upp af meginkjarna byggðarinnar. Einn akur er skráður en heimildir fyrir honum eru óljósar.

## Kvíar og stekkir

Á flestum stöðum landsins lögðust fráfærur af um og upp úr aldamótunum 1900. Skráðir stekkir á svæðinu eru 59. Stekkir virðast yfirleitt vera einfaldar girðingar eða tóftir með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið eða við annan enda. Sumstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki, sem voru slegnir. Eitthvað er um á skráningarsvæðinu að stekkir hafi verið byggðir á gömlum eyðibýlum eða að byggð hafi risið á gömlum stekkstæðum.

Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkirnir og oft beinlínis í túnjaðri. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur aðeins ákveðinn staður þar sem ær voru mjaltaðar og sumstaðar voru færirkvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á 20. öld. 31. kvíar eru skráðar á svæðinu, en þær hafa vafalaust verið á hverjum bæ. Líklegasta ástæðan fyrir því að þeirra er ekki getið á öllum jörðum er sú að færirkvíar voru mikið algengari í seinni tíð og hafa sennilega ekki staðið á sama stað nema nokkur ár í einu. Örnefni hafa því ekki náð að festast við staðinn og því ekki nefnd í örnefnaskrá.

Aðrar minjar sem tengjast mjaltaám eru smalakofar. Átta slíkir eru skráðir en líklegt er að smalakofar og –skýli hafi verið á fleiri stöðum og jafnvel nokkrir á jörð því algengt hefur verið að nýir smalar byggðu sinn eigin kofa frá grunni. Smalakofar eru undantekningarlítið við staði sem hátt ber og víðsýnt er.

## Beitarhús og sel

26 beitarhús eru skráð í hreppnum. Þau voru stundum reist á tóftum gamalla býla og selja svo segja má að hlutverk sumra tóftanna hafi verið margþætt í aldanna rás. 35 sel eru skráð á svæðinu. Auk þessara selja eru að minnsta kosti fimm hjáleigur sem hafa verið byggðar upp á gömlum selstöðum. Ólafssel í landi Berufjarðar var annaðhvort bær eða sel. Einnig eru tættur nefndar Gamlibær við Selgilslæk í landi Kelduskógar og þar gæti einnig

hafa verið sel miðað við örnefnið. Einnig var sel í landi Teigarhorns þar sem menn telja að hið meinta fornbylí Búland hafi verið. Á Fauskaseli í landi Þvottár var byggð upp selstaða eftir að býlið lagðist í eyði og það sama á við um Virkishólssel í landi Geithellna þó ekki sé vitað hvort býlið eða selið hafi risið fyrst. Á tveimur stöðum á landi Múla risu beitarhús á gömlum selstæðum, þar heitir Innrasel og Fornasel.

Þess er sjaldnast getið hve lengi haft var í seli en seljabúskapur var víða að hverfa snemma á 19. öld. Hinsvegar er ljóst af lýsingum í Sýslu- og Sóknalýsingum að seljabúskapur hefur enn verið í nokkrum blóma um 1840 þannig að ef til vill hefur hann verið stundaður lengur hér en annarsstaðar sökum skorts á undirlendi heima við bæi. Seljarústir eru yfirleitt skráðar á stærri jörðum, kirkjujörðum og stærri býlum, sem eiga land til fjalla eða afréttarlanda. Líklega eru seltóftir víðar, en þær ásamt eyðibýlum, eru þeir minjastaðir þar sem mest er að sjá af mannvirkjaleifum og sem einna best gætu hentað til kynningar. Mörg rannsóknarefni eru einnig enn óleyst varðandi seljabúskap. Ekki hefur enn verið ráðið fram úr hvernig greina megi muninn á selbyggingum og byggingum þar sem búið var allt árið og er það eitt af mikilvægari verkefnum íslenskrar fornleifafræði. Sömuleiðis er lítið sem ekkert vitað um mismunandi tegundir af seljabúskap.

Skráð fjárskýli í hreppnum eru 24 og á þessu svæði hafa þau yfirleitt verið í hellum eða hlöðnum fjárborgum.

## Engjar og áveitur

Fram á þessa öld var stór hluti heyaflla hveirrar jarðar fenginn á engjum. Af örnefnaskrárm sést að menn hafa oft leitað langt eftir örlitlum heytuggureytingi og móar hafa verið slegnir þar sem nú sprettur lítið sem ekkert gras. Bestu engjarnar voru flæðiengjar þar sem vatn flæddi yfir öðru hvoru. Þar sem flæðiengjar voru ekki frá náttúrunnar hendi var vatni víða veitt á móa og mýrar. Algengt var að veita bæjarlækjum á svæði utan við tún og gætu á nokkrum stöðum enn sést merki um stíflur og veituskurði sem byggðir voru í þessum tilgangi. Hér eru skráðar 9 áveitur.

Flestir veitugarðar eru byggðir í votlendi og sökkva því fljótt og hverfa ef þeim er ekki haldið við. Einstaka áveituskurðir og stíflugarðar teljast kannski ekki merkileg mannvirki, en þau eru þó minjar um tegund af jarðrækt sem fæstir af yngri kynslóðinni hafa hugmynd um eða skynbragð á, og er því nauðsynlegt að koma í veg fyrir að öll veitumannvirki hverfi. Auk áveituskurða og stíflugarða voru margir skurðir grafnir víða á

skráningarsvæðinu þar sem mjög blautar mýrar, svonefndar blár, voru til trafala fyrir nútíma búskaparhætti..

## Útgerðarminjar og veiðiminjar

Á svæðinu eru skráðar margvíslegar útgerðarminjar, alls 24 lendingar, 18 naust, 5 sjóbúðir, 10 uppsátur og 6 verbúðir. Útgerð sem aukabúgrein var mjög algeng á svæðinu og því vert að veita þessum minjum sérstaka athygli. Víða eru skráðir minjastaðir þar sem ætla má að sé þó nokkuð af útgerðarminjum. Þeir eru sennilega margir óhreifðir, nema þar sem sjórinn hefur skemmt minjarnar. Auk þess eru tvö herslubyrgi skráð sem og 10 hjallar. Einnig voru skráðar 12 refagildirur.

## Minjar um samkomur og þinghald

Skráðir eru tveir þingstaðir í hreppnum, þingstaður í landi Geithellna og annar í landi Beruness, enda voru hrepparnir þingahreppar nefndir eftir hinum fornu þingstöðum. Einnig hafa varðveist örnefni sem benda til fleiri þingstaða svo sem Þingbrekka í landi Búlandsness, Lögrétta í landi Fossgarðis og Þingbrekka í landi Hnauka. Má vera að einhverskonar þing hafi verið haldin í landi Búlandsness en hinir staðirnir eru ólíklegir þingstaðir.

## Kuml og kirkjugarðar

Oft eru fornmannahaugar náttúrumyndanir, en á öðrum stöðum gæti hafa geymst þekking um mannabeinafundi eða gripa. Þó nokkrar þjóðsögur hafa varðveist um fornmannahauga. Má fyrst nefna Staraleiði sem á að vera leiði Stara. Síðan eru haugar bræðranna Eskils, Hrómundar og Úlfs sem allir eru skráðir. Beruhóll í landi Berufjarðar á að gera grafreitir Beru þeirrar sem þar byggði fyrst og síðan á Þiðrandalág að hylja lík Þiðranda sonar Síðu Halls. Þá er Völvuleiði í landi Geithellna. Greftrað hefur verið í kirkjugörðum þar sem voru sóknarkirkjur og útkirkjur og jafnvel einnig við bænhús, en kirkjur og bænhús voru miklu algengari á miðöldum en seinna varð. Má gera ráð fyrir því að kirkjugarðar hafi verið við þau guðshús sem skráð eru.

## Samgönguminjar

Alls voru skráðar 90 leiðir á svæðinu og er það frekar rífllegt af leiðum. Langflestar þeirra leiða, sem skráðar eru hér liggja innan jarðanna, aðeins 15 leiðir milli bæja eða milli sveita innan héraðsins og til annarra héraða. Verslunarstaðir hafa verið á svæðinu frá upphafi byggðar, sjá Geitavík, Fúluvík og síðan Djúpavogskaupstað sjálfan og hafa leiðir margra legið til kaupmanna þar. Má telja ljóst að sá fjöldi leiða sem skráður er innan jarða gefur ekki raunsæja mynd, því margar þeirra hafa sennilega legið milli jarða þó þess sé ekki getið í heimildum og því munu hlutföllin sennilega breytast þó nokkuð við aðalskráningu.

Níu vöð eru skráð í hreppnum. Alls gátu heimildir um 7 brýr, en enga ferjustaði fyrir utan 2 kláfferjur í Papey. Aðeins fimm heimildir eru um samgöngubætur á svæðinu og voru þrjár af þeim vörður, en sjálfsagt voru þær miklu fleiri. Alls voru skráðar 41 varða og virðast þær flestar hafa verið í hlutverki landamerkja en ekki samgöngubóta, þó hlutverk þeirra geti hafa verið fleiri en fram kemur í heimildum.

## 5. Verndun og kynning minja á skráningarsvæðinu

Eins og þegar hefur verið minnst á, þá eru líkur á að meirihluti fornleifa innan túna á skráningarsvæðinu hafi verið eyðilagður á 20. öld og að nú sjáist aðeins brot þeirra rústa sem áður voru til, helst inn til dala þar sem lítið hefur verið búið á 20. öldinni. Skilvirk minjavernd verður að byggja á vettvangsathugunum en benda má á nokkur atriði sem vert er að hafa í huga við áætlanagerð og skipulag byggðar.

Flestar fornleifarnar er að finna á gömlum bæjarstæðum sem oftast en ekki er enn búið á. Mikilvægt er að reynt verði að takmarka framkvæmdir á slíkum stöðum og fylgjast vel með því raski sem nauðsynlegt er.

Dregið hefur úr framkvæmdum í landbúnaði á undanförunum árum og stafar því þeim tóftum sem enn eru sýnilegar ekki jafnmikil hætta og áður af nýbyggingum, framræslu og túnasléttun. Mikill hluti slíkra tófta eru stekkir, beitarhús, eyðikot og sel og hafa margar þeirra kynningargildi. Brýnt er að komið verði í veg fyrir frekari eyðileggingu slíkra minja. Auk vegagerðar og línulagna stafar fornleifum nú helst hætta af skógrækt og aukinni sumarbústaðabyggð auk þess sem nýbyggingar og framkvæmdir ógna fornleifum.

Aukin skógrækt er vaxandi áhyggjuefni fyrir minjavernd á Íslandi og brýnt er að fundnar verða leiðir til að koma í veg fyrir að fornleifar spillist af völdum skógræktar.

Skógur eyðileggur hinsvegar fornleifar ekki á sama hátt og skurðgröfur. Rætur trjáa sprengja veggheðslur og afmynda rústir þannig að erfitt verður að átta sig á þeim á yfirborði eða kanna þær með uppgrefti. Það er þó ekkert sem segir að hagsmunir skógræktar og minjavörslu geti ekki farið saman. Fornleifar þekja aðeins brotabrot af heildarflatamáli mögulegs skógræktarlands og ætti að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Slíkt krefst þess aðeins að fornleifastaðir séu þekktir og að skógurinn sé hirtur þannig að hann sái sér ekki sjálfur í tóftir á auðum svæðum.

Byggingar sumarbústaða geta valdið miklu alvarlegri spjöllum á fornleifum ef ekki er farið að með gát. Þar gildir hinsvegar það sama og með skógrækt. Ef fornleifastaðir eru þekktir á að vera auðvelt að sneiða hjá þeim. Augljóst er að með lágmarkskynningu og viðhaldi geta fornleifastaðir aukið útivistargildi sumarbústaðalanda og því réttara að líta svo á að fornleifar auki verðmæti þeirra, frekar en að þær standi í vegi fyrir framkvæmdum.

Ekki verður tekið tillit til fornleifa á skógræktarsvæðum, sumarbústaðalöndum eða þar sem aðrar framkvæmdir eiga sér stað nema fornleifastaðir hafi verið rannsakaðir á vettvangi og staðsetning þeirra færð inn á kort. Það er brýnt að gerðar séu vettvangsathuganir á fornleifum á svæðinu.

Athyglisverðir minjastaðir eru á skráningasvæðinu og ljóst að miklu fleiri munu koma fram í dagsljósið við vettvangsathugun. Gera má ráð fyrir að mikið af stöðum sé í hættu og því brýnt að skrá fornleifar á vettvangi svo hægt sé að gera yfirlit um þá.

Átta staðir eru friðlýstir á svæðinu en af fenginni reynslu má ætla að við aðalskráningu muni koma fram tillögur um friðlýsingar. Má strax sjá fjölda staða á svæðinu sem hægt væri að nýta til kynningar, til að efla útivist og ferðaþjónustu, ekki síður en til að stunda rannsóknir. Þetta á við um öll svæði, sem skipulögð eru til útivistar og sjálfsagt er að reyna að nýta þær auðlindir sem fyrir eru og fornleifastaðir geta verið afar upplýsandi fyrir ferðamenn, jafnt innlenda sem útlenda. Til þess að það sé hægt þarf ekki annað en að skrá staðina á vettvangi, merkja þá, svo fólk viti hvert eigi að fara, og gera upplýsingar um hlutverk og gildi minjanna aðgengilegt á einn eða annan hátt, t.d. með prentuðum bæklingum eða skiltum á staðnum.

Ekki er nokkur vafi á því að mörg spennandi rannsóknarefni eru í Djúpavogshreppi. Þó er ljóst að margt er horfið vegna uppbyggingar sem átt hefur sér stað á svæðinu og vegna túnasléttunar. Í Djúpavogshreppi var hefðbundið landbúnaðarsamfélag en þó hefur

úngerð einnig verið mikil á svæðinu og margir farið um svæðið árlega til að versla við erlenda kaupmenn. Enn ætti að vera hægt að finna fjölbreyttar minjar, gamla bæi og útihús úr torfi og grjóti, úngerðaminjar, vörður, garðlög, sögustaða auk herminja. Við aðalskráningu væri auðvelt að tengja saman útivist og kynningu á fornleifum og menningarsögu þessa svæðis. Margt er á huldu um byggðaþróun þessa svæðis og myndu frekari rannsóknir geta varpað á hana frekara ljósi.

## 6. Heimildaskrá

- Adolf Friðriksson: *Dagbók úr hofleiðangri 1992*, Fornleifastofnun Íslands.
- Ágúst Ó Georgsson: *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*, Reykjavík, 1993.
- Biskupasögur*, I-II, Kaupmannahöfn, 1858-1878.
- Björn Lárusson: *The old Icelandic Land Registers*, Lundi, 1967.
- Bruun, Daniel. *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár*, I-II. bindi, Þýðandi Steindór Steindórsson, Reykjavík, 1987.
- Capelle, Torsten, Guðrún Larsen Guðmundur Ólafsson: *Untersuchungen auf dem mittelalterlichen Handelsplatz Gautavík, Island*, Köln, 1982.
- DI**: *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík, 1857-1972
- FF**: Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823, I-II, Sveinbjörn Rafnsson bjó til prentunar, Reykjavík 1983
- Guðmundur Ólafsson: "Fornleifarannsóknir í Gautavík." *Ljóri, rit um muni og minjar*, 1. árg, 1. tbl., 24-26.
- Guðrún Sveinbjarnardóttir: "Shieling in Iceland. An Archaeological and Historical Survey" *The Norse of the North Atlantic Acta Archaeologica* 61. bindi 1991, 73-96
- Guðrún Sveinbjarnardóttir: *Farm Abandonment in Medieval and Post-Medieval Iceland: an Interdisciplinary Study*, Oxbow Monograph 17, Oxford 1992
- Halldór Stefánsson: "Fornbýli og eyðibýli í Múlasýslum." *Múlaþing* 5 (1970): 172-187.
- Halldór Stefánsson: "Landnám í Austfirðingafjórðungi." *Austurland* II, Akureyri 1948, 7-124
- Halldór Stefánsson: "Saga Austurlands 930-1800." *Austurland* V, Akureyri 1958, 9-335
- Haraldur Matthíasson: *Landið og Landnáma*, II, Reykjavík 1982.
- Hjörleifur Guttormsson: *Ferðafélag Íslands, árbók 2002. Austfirðir frá Álftafirðir til Fáskrúðsfjarðar*, Reykjavík, 2002.
- Ingimar Sveinsson: *Djúpivogur. Siglt og róið um firði og eyjasund*, Egilsstaðir 2003
- Ingimar Sveinsson: *Djúpivogur. 400 ár við voginn*, Egilsstaðir 1989
- ÍF I**: *Íslensk fornrit I. Íslendingabók & Landnáma*, Reykjavík 1986
- ÍF XI**, *Íslensk fornrit XI. Austfirðinga sögur*, Reykjavík 1950
- ÍF XII**: *Íslensk fornrit XII. Njálssaga*, Reykjavík 1954

- JJ:** Johnsen, J: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847
- Jón Árnason: *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri*, II bindi, Reykjavík 1954.
- Kálund, Kristian: *Íslenskir sögustaðir. Austfirðingafjórðungur IV*, Reykjavík 1986.
- KEKH:** Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*, Akureyri 1956.
- Kristján Eldjárn: “Papey. Fornleifarannsókn 1967-1981” (Guðrún Sveinbjarnardóttir bjó til prentunar og samdi viðauka) *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1988*, 35-188
- Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir: *Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystra. Svæðisskráning*. FS072-98081
- ÓO:** Ólafur Olavius: *Ferðabók I-II*, Reykjavík 1964.
- PP:** Sveinn Níelsson: *Prestatal og prófaste*, 2. útg. Reykjavík 1950.
- Sigurður Vigfússon: ‘Rannsókn í Austfirðingafjórðungi 1890.’ *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1893*, 28-60.
- SJM III:** *Sveitir og jarðir í Múlaþingi III Egilstaðir* 1975
- SJM V:** *Sveitir og jarðir í Múlaþingi V Egilstaðir* 1995
- SSM:** *Múlasýslur. Sýslu og Sóknalýsingar*. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna, Reykjavík 2000
- Stefán Einarsson: “Örnefnaskráning í Geithellnahreppi 1957” *Glettingur*, 3. árg. 1993, 43-46
- Svavar Sigmundsson: “Íslensk örnefni” *Frændafundur 2 Þórshöfn* 1997, 11-21
- Sveinn Einarsson: *Árbók ferðafélags Íslands. Austfirðir sunnan Gerpis*. Reykjavík, 1955
- Túnakort. Þjóðskjalasafn Íslands. Jarðadeild XIV. Uppdrættir af tünun 1919.  
Beruneshreppur og Geithellnahreppur.
- Þjóðminjasfn Íslands*, Skýrslur um Þjóðminjasafn 30.7.1953.
- Ö-Berufjörður:** Örnefnaskrá Berufjarðar. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.
- Ö-Berunes:** Örnefnaskrá Beruness. Skrásetjari Nanna Guðmundsdóttir. Örnefnastofnun.
- Ö-Bragðavellir ath og svör við sp.:** Athugasemdir og svör við spurningum um örnefnaskrá Beruness. Skrásetjari Jón Björnsson. Örnefnastofnun.
- Ö-Bragðavellir:** Örnefnaskrá Beruness. Skrásetjari Margeir Jónsson. Örnefnastofnun.
- Ö-Búlandsnes viðb:** Viðbætur við örnefnaskrá Búlandsness. Skrásetjari Eyjólfur Guðjónsson. Örnefnastofnun.
- Ö-Búlandsnes:** Örnefnaskrá Búlandsness. Skrásetjari Eyjólfur Guðjónsson. Örnefnastofnun.



- Ö-Fagrihvammur:** Örnefnaskrá Fagrahvamms. Skrásetjari Nanna Guðmundsdóttir. Örnefnastofnun.
- Ö-Flugustaðir ath og viðb:** Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Flugustaða. Skrásetjari Guðmundur Björnsson. Örnefnastofnun.
- Ö-Flugustaðir:** Örnefnaskrá Flugustaða. Skrásetjari Ingólfur Árnason. Örnefnastofnun.
- Ö-Fossárdalsjarðir:** Örnefnaskrá fyrir Fossárdalsjarðir. Skrásetjari Hermann Guðmundsson. Örnefnastofnun.
- Ö-Gautavík:** Örnefnaskrá Gautavíkur. Skrásetjari Nanna Guðmundsdóttir. Örnefnastofnun.
- Ö-Geithellar I og II, Blábjörg og Kambssel:** Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Geithellna. Skrásetjari Þorfinnur Jóhannsson. Örnefnastofnun.
- Ö-Geithellur ath og viðb:** Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Geithellna. Skrásetjari Helga Björg Jónsdóttir. Örnefnastofnun.
- Ö-Geithellur:** Örnefnaskrá Geithellna. Skrásetjari Snorri Sveinsson. Örnefnastofnun.
- Ö-Hamar ath og viðb:** Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Hamars. Guðrún S. Magnúsdóttir og Ingimar Sveinsson skráðu. Örnefnastofnun.
- Ö-Hamar HB:** Örnefnaskrá Hamars. Hjörleifur Brynjólfsson skráði. Örnefnastofnun.
- Ö-Hamar:** Örnefnaskrá Hamars. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.
- Ö-Hamarsdalur:** Örnefnaskrá Hamarsdals. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.
- Ö-Hamarssel:** Örnefnaskrá Hamarssels. Hjörleifur Brynjólfsson skráði. Örnefnastofnun.
- Ö-Háls:** Örnefnaskrá Háls. Skrásetjari Sveinn Stefánsson. Örnefnastofnun.
- Ö-Hnaukar ath og viðb:** Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Hnauka. Skrásetjari Guðmundur Björnsson. Örnefnastofnun.
- Ö-Hnaukar:** Örnefnaskrá Hnauka. Skrásetjari Stefán Einarsson. Örnefnastofnun.
- Ö-Hof ath og viðb:** Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Hofs. Guðmundur Björnsson skráði. Örnefnastofnun.
- Ö-Hof:** Örnefnaskrá Hofs. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.
- Ö-Hærukollsnes GB:** Örnefnaskrá Hærukollsness. Skrásetjari Guðmundur Björnsson. Örnefnastofnun.
- Ö-Karlsstaðir NG:** Örnefnaskrá Karlsstaða. Skrásetjari Nanna Guðmundsdóttir. Örnefnastofnun.
- Ö-Karlsstaðir:** Örnefnaskrá Karlsstaða. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.
- Ö-Kelduskógar:** Örnefnaskrá Kelduskóga. Skrásetjari Nanna Guðmundsdóttir. Örnefnastofnun.

- Ö-Kross:** Örnefnaskrá Kross. Skrásetjari Nanna Guðmundsdóttir. Örnefnastofnun.
- Ö-Krossgerði ath og viðb:** Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Krossgerðis. Skrásetjari Guðrún S. Magnúsdóttir. Örnefnastofnun.
- Ö-Krossgerði:** Örnefnaskrá Krossgerðis. Skrásetjari Nanna Guðmundsdóttir. Örnefnastofnun.
- Ö-Krossland:** Örnefnaskrá Kross. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.
- Ö-Markúsarsel og Tunguhlíð:** Örnefnaskrá Markúsarsels og Tunguhlíðar. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.
- Ö-Melrakknes JD:** Örnefnaskrá fyrir Melrakknes. Skrásetjari Jón Dagsson. Örnefnastofnun.
- Ö-Melrakknes MJ:** Örnefnaskrá fyrir Melrakknes. Skrásetjari Margeir Jónsson. Örnefnastofnun.
- Ö-Múli GB:** Örnefnaskrá Múla. Skrásetjari Guðmundur Björnsson. Örnefnastofnun.
- Ö-Múli:** Örnefnaskrá Múla. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.
- Ö-Núpur:** Örnefnaskrá Núps. Skrásetjari Nanna Guðmundsdóttir. Örnefnastofnun.
- Ö-Papey:** Örnefnaskrá Papeyjar. Skrásetjari Kristján Eldjárn. Örnefnastofnun.
- Ö-Rannveigarstaðir GB:** Örnefnaskrá Rannveigarstaða. Skrásetjari Guðmundur Björnsson. Örnefnastofnun.
- Ö-Skáli:** Örnefnaskrá Skála. Skrásetjari Nanna Guðmundsdóttir. Örnefnastofnun.
- Ö-Starmýri ath og viðb:** Athugasemdir og viðbætur við örnefnaskrá Starmýrar. Skrásetjari Guðmundur Björnsson. Örnefnastofnun .
- Ö-Starmýri ÞJ:** Örnefnaskrá Starmýrar. Skrásetjari Þórarinn Jónsson. Örnefnastofnun.
- Ö-Steinaborg og Fossgerði:** Örnefnaskrá Steinboga og Fossgerðis Skrásetjari Nanna Guðmundsdóttir. Örnefnastofnun.
- Ö-Teigarhorn:** Örnefnaskrá Teigarhorns. Skrásetjari Jón Lúðvíksson. Örnefnastofnun.
- Ö-Urðarteigur:** Örnefnaskrá Urðarteigs. Skrásetjari Nanna Guðmundsdóttir. Örnefnastofnun.
- Ö-Þiljuvellir NG:** Örnefnaskrá Þiljuvalla. Skrásetjari Nanna Guðmundsdóttir. Örnefnastofnun.
- Ö-Þiljuvellir:** Örnefnaskrá Þiljuvalla. Án skrásetjara. Örnefnastofnun.
- Ö-Þvottá:** Örnefnaskrá Þvottár. Skrásetjari Guðmundur Eyjólfsson. Örnefnastofnun.